

Leiftur


1. tbl. | 21. janúar 2009



Af hverju Leifur?

Ungmennafélagið Sindri er stofnað 1. Desember 1934 þannig að í ár er afmælisár og verður haldið upp á 75 ára afmælið í haust. Með því að endurvekja Leiftur núna helgast af því tómarúmi sem skapaðist þegar Eystrahorn lagðist af. Var ákveðið af aðalstjórn að gefa út eitt blað núna annað á vordögum og það þriðja í haust. Ljúka svo þessu afmælisári með afmælisriti sem kemur út 1 desember sem hluti af Sögu Sindra. Áform um vor og haust blað gætu breyst ef nýtt staðarblað kæmi fram á þessum tíma. Leifur var fyrst skrifaður árið 1936 og var fréttabréfið skráð í fundarbók sem síðar var lesið upp á fundum

Sindra. Síðar var einhver blöð gefin út en ekki er alveg nógu góð vitneskja hversu mörg blöð voru gefin út. Þeir sem eiga blöð í förum sínum og eru til í að láta þau bendum við á Héraðsskjalasafnið þar sem þau yrðu vel þegin. Hér til hliðar er er ljósrit af fyrsta Leiftri, en hvers vegna Leiftur er skrifað með Yi veit ég ekki!



Viðburðir framundan í menningarlífi Hornfirðinga

Enginn skortur virðist vera á menningarviðburðum í Sveitarfélaginu Hornafirði á nýju ári og byrjaði Kvenfélagið Vaka árið á að vera með Félagsvist í Mánagarði.

Strandganga Ferðafélagsins hefur verið í gangi í allan vetur og mun halda áfram einu sinni í mánuði fram í apríl á þessu ári. Fimmti hluti göngunnar verður þann 7. febrúar en þá verður gengið frá Bergá að Laxá og þann 7. mars verður gengið frá Laxá að Sandhrauni. Sjöundi og síðasti hluti göngunnar verður svo þann 4. apríl en þá verður gengið frá Sandhrauni að Fljótabrúnni.

Í janúar byrjar svo þorri og honum fylgja þorrablótin með öllu sinu glensi og gamni.

Þann 24. janúar verður fyrsta þorrablótíð í sveitarfélaginu en það er að venju þorrablót Hafnarbúa sem haldið verður í Íþróttahúsinu. Viku seinna eða 31. janúar verður þorrablót Nesja-og Lónmanna haldið í Mánagarði. Suðursveitar- og Mýramenn verða með sitt þorrablót í Hrollaugsstöðum þann 7. febrúar og í Öræfum verður árlegt góuhóf haldið í Hofgarði 7. mars.

Hornfirskir áhugaljósmyndarar

opna sýningu á verkum sínum í Pakkhúsinu 14. febrúar og má búast við fjölbreyttri sýningu.

Nóg verður um að vera hjá kórnum á næstunni en Karlakórinn Jökull ætla að byrja árið á að vera með árshátíð á Hótel Höfn þann 28. febrúar. Einnig stendur til að þeir félagarnir verði með kókubasar bingó á næstunni. Þá ætla þeir að vera með hagrýðingamót í Mánagarði 4. apríl. Samkór Hornafjarðar verður með Pakkhúskvöld í febrúar.

Menningarmiðstöðin og Bókasafnið verða með sína föstu liði eins og sögustund fyrir yngstu börnin alla fimmtudaga kl. 14.15. Þrjónakaffið vinsæla heldur svo áfram eftir áramótin og verður 1. og 3. laugardag í hverjum mánuði og alla laugardagsmorgna kl. 11:00 er lesin framhaldssaga fyrir skólábörn. Eitthvað skemmtilegt verður svo um að vera á öskudaginn í Bókasafninu.

Árleg Menningarverðlaun og styrkir verða svo afhentir í Nýheimum í febrúar.

Á vegum Nýheima er boðið upp á viðburði í hádeginu á föstudögum s.s söng, hljóðfæraleik, upplestur, leikatriði o.fl. Nýheimar eru öllum opnir og um að gera að mæta t.d. á

viðburði í föstudagshádegi og fá sér andlega og líkamlega næringu.

Fyrstu helgina í mars verður Norðurljósablúsinn vinsæli og verður hann að vanda á vegum Skemmtifélags Hornafjarðar. Þá verður blúsað á veitingastöðum og víðar á Höfn og má búast við miklu fjöri í bænum þessa helgi.

Á vegum Listvinasjóðs Hornafjarðar og FIT og FÍH verða tónleikar í mars með Dean Farrell en hann er kontrabassaleikari en leikur einnig á violone, er með látbragð og segir sögur. Dean er hornfirðingum kunnur en síðast þegar hann skemmti Hornfirðingum flutti hann dagskrá sem hann kallaði the Musical Humors of Captain Tobias hume. Dean tengir klassíska tónlist við tónlist úr samtímanum og notar þekkt stef og texta og setur í annað samhengi en við erum von.

Í febrúar – apríl verða frumsýnd 3 leikverk. Leikfélag Hornafjarðar, Leikhópurinn Lopi og FAS eru að byrja æfingar á leikverkum „Þjóðleiks“ en það eru verk sem samín voru sértaklega fyrir ungt fólk. Þjóðleikur er tilraunaverkefni sem Þjóðleikhúsið stendur fyrir á Austurlandi í vetur. Leikhópurinn Lopi tekur þátt í verkefninu og miðast verkefnið meðal annars að

því að efla leiklistarstarf ungs fólks og hvetja til nýsköpunar í íslenski leikritun. Þjóðleikur er fjölbætt verkefni en því mun ljúka með allsherjar leiklistarhátíð ungs fólks í vor.

Spurningakeppni fyrirtækja á Hornafirði fer fram í febrúar. Keppnir sem þessar hafa áður verið haldnar á Hornafirði en þá sáu Lionsmenn um að halda utan um þær. Fyrsta keppnin var í kringum 1983 og var ávallt haldin við mikið fjölmenni, enda skemmtilegar keppnir þar á ferðinni. Fyrirtækjakeppnir voru liður í fjóröflunarstarsemi þeirra Lionsmanna og sendu fyrirtæki á staðnum fulltrúa til að keppa fyrir sína hönd. Hákon Valdimarsson samdi flestar spurningarnar fyrir keppnirnar sem voru mjög fjölbreyttar og skemmtilegar. Nú í ár er búist við hörkukeppni á milli fyrirtækja og má engin missa af spennandi keppni. Keppnin verður í umsjón Menningarmiðstöðvar og mun hún fara fram í Nýheimum. Eins og sjá má að framansögðu verður nóg um að vera á Hornafirði fram á vor og enn eiga eftir að bætast við viðburðir fram á vorið. Hægt er að fylgjast með viðburðum í sveitafélaginu inni á www.hornafjordur.is/vidburdir

Æfingartafla fyrir Íþróttahús vetur 2008-9

| tími | Mánudagur | tími | Þriðjudagur | tími | Miðvikudagur | tími | Fimmtudagur | tími | Föstudagur | tími | Laugadagur | tími | Sunnudagur |
|-------|-----------------|-------|-------------------|-------|-----------------|-------|--------------------|-------|-----------------|-------|----------------|-------|--------------------|
| 14:30 | Fími 1-3 bekkur | 14:30 | frjálsar - 9 ára | 14:30 | Fími 4-8 bekkur | 14:30 | frjálsar 10-12 ára | 14:30 | blak 4-6 bekkur | 09:20 | íþróttaskóli | 10:00 | HBG |
| 15:30 | Fími 9 bekkur + | 15:20 | knd 7 fl. kk | 15:50 | Fími 9 bekkur + | 15:20 | knd 7 fl. kk | 15:20 | blak 7 bekkur + | 10:00 | íþróttaskóli | 11:00 | blak karlar |
| 16:50 | Fími 4-8 bekkur | 16:10 | knd 7 fl kvk | 17:30 | blak 4-6 bekkur | 16:10 | knd 7 fl kvk | 16:10 | Karfa 4-5 fl | 11:00 | fími 25 ára + | 12:30 | knd aukaefting |
| 18:20 | karfa 8-10 fl | 17:00 | knd 6fl. Kvk | 18:20 | blak 7 bekkur+ | 17:00 | knd 6fl. Kvk | 17:00 | Fími 1-3 bekkur | 12:30 | fími 18-25 ára | 13:00 | knd 3 fl. Kk |
| 19:30 | karfa 6-7fl | 17:50 | knd 6 fl.kk | 19:30 | karfa 6-7 fl | 17:50 | knd 6 fl.kk | 18:00 | Fími 4-8 bekkur | 14:00 | laust | 14:00 | knd 3. fl kk |
| 20:20 | Blak konur | 18:40 | knd 5 fl. kvk | 20:30 | karfa 8-10 fl | 18:40 | knd 5 fl. kk | 19:30 | Fími 9 bekkur + | 15:00 | laust | 15:00 | knd mfl kk |
| 21:30 | karfa | 19:30 | karfa 4-5 fl | 21:30 | karfa Eldri | 19:30 | frjálsar 13 ára + | 21:00 | knd | 16:00 | karfa 6-7 fl | 16:00 | Knd. Markm. Æf kvk |
| 22:30 | | 20:20 | karfa 8-10 | | | 21:00 | karfa 8-10 fl | 22:00 | knd | 17:00 | laust | 17:00 | Knd. Markm. Æf kk |
| | | 21:10 | frjálsar 13 ára + | | | 22:00 | Handbolti | | | 18:00 | laust | 18:00 | knd |
| | | 22:00 | | | | | | | | | | | |

Æfingar á Sparkvelli

| | | | | | | | | | | | | | |
|-------|----------------|-------|---------------|-------|---------------|-------|---------------|-------|----------------|--|--|--|--|
| 16:00 | knd 5 fl. Kvk | 16:00 | knd 4 fl. kvk | 16:00 | knd 4 fl. kk | 16:00 | knd 5 fl. kvk | 16:00 | knd aukaefting | | | | |
| 17:00 | knd 3-4 fl.kvk | 17:00 | knd 4 fl. Kk | 17:00 | | 17:00 | knd 4fl. Kk | 17:00 | knd aukaefting | | | | |
| 18:00 | knd 5 fl. Kk | 18:00 | knd 3 fl. | 18:00 | knd 5. fl kk | 18:00 | 4. fl kvk | 18:00 | knd mfl. kk | | | | |
| 19:00 | knd mfl. kk | 19:00 | mfl. kk | 19:00 | knd. 3. fl kk | 19:30 | old boys | 19:00 | knd mfl. kk | | | | |
| | | 20:00 | old boys | | | 20:30 | Drottningar | | | | | | |
| | | 20:30 | Drottningar | | | | | | | | | | |

Sundæfingar

| | | | | | | | | | | | | | |
|-------|------------|-------|--|-------|------------|-------|------------|-------|--|--|--|--|--|
| 14.40 | | | | | | | | | | | | | |
| 15:30 | 4-6.bekkur | 14:30 | | 14.40 | 2-3 bekkur | 14:40 | 4-6.bekkur | 14:30 | | | | | |
| 16:30 | | 15:30 | | 15:30 | | 15:30 | | 15:30 | | | | | |
| 17:30 | | 16:30 | | 16:30 | | 16:30 | | 16:30 | | | | | |
| 18:30 | | 17:30 | | 17:30 | | 17:30 | | 17:30 | | | | | |
| | | 18:30 | | 18:30 | | 18:30 | | 18:30 | | | | | |

Nýju ári fylgja nýjar gleðistundir



Eins og undanfarin ár ætlum við unnendur bridds íþróttarinnar að hittast í Þórbergssetri og skemmta okkur við spil og góðan mat eina helgi.

Þó hrossakjöt sé ekki það dýrasta sem finnst í hillum verslana, erum við ekkert sérstaklega í kreppuhugleiðingum heldur ætlum við að halda í hefðina sem faðir okkar kom á fyrir áratugum í Suðursveit.

Það má öllum vera ljóst að engir skrokkar tvífætlinga eru né hafa nokkurn tíman í þessu héraði verið jafn vel framgengnir og skrokkar þeirra Suðursveitunga sem tóku þátt í hrossakjötsveislunum í Hrollaugsstöðum á ofanverðri síðustu öld. Þess vegna er það okkur talsvert kappsmál að ala betur þá sem landið munu erfa og þá helst á sæmilega feitu hrossakjöti.

Til að svo megi verða, höfum við ákveðið að blása til bridds móts og hrossakjötsveislu í Þórbergssetri dagana 28. og 29. mars næstkomandi. Mótið mun verða með líku sniði og undanfarin ár þ.e. sveitakeppni annan daginn og tvímenningi hinn daginn og munum við freista þess að þeir Gestur, Maggi og Valdi verði okkur innan handar með mótstjórn alla. Svo vel hefur til tekist hingað til, að þetta mót er orðið viðfrægt og er von á metþátttöku að þessu sinni.

Í Suðursveit er nægt gistirými svo það er engin afsökun fyrir því að guggna á að mæta og sem fyrr er verðlagi öllu í hóf stillt.

Ungmennafélagsandinn ofar öllu.

Með baráttukveðjum á nýju ári úr Þórbergssetri.



Noregur

Þann 26. júlí lagði þriðji flokkur Sindra, stelpur sem strákar, af stað til Noregs á fótoltamót sem heitir Norway Cup og er haldið árlega í Osló. Spennan var í hámarki þegar keyrt var út á Keflavíkurflugvöll klukkan 3 um nóttina til að fara í flug. Við lentum í Osló og þar mætti okkur steikjandi hiti sem átti eftir að fylgja okkur alla ferðina, mörgum til mikillar ánægju.

Á flugvellinum tók á móti okkur leiðsögumaður á vegum mótsins og leiddi okkur að rútunni sem keyrði okkur að skólanum þar sem við gistum. Okkur var úthlutað skólaföfum til að sofa í og þegar við höfðum komið dótinu okkar fyrir, fórum við beint út í fótolta og sólbað. Seinna um daginn var farið með strætó á svæðið þar sem mótið fór fram. Þar löbbaðum við um, fengum okkur kvöldmat og fórum á opunarhátíð mótsins. Fórum þó snemma heim því allir voru þreyttir eftir langan dag.

Þann daginn í tívolið Tusenfryd og það var ótrúlega gaman í alla staði. Við gerðum margt fleira, eins og að fara upp í Holmenkollen, niður á ströndina, löbbaðum Karl Johans-götu, fórum í Frognetbadet (sundlaugargarð) og að sjálfsögðu töpuðum við stelpurnar okkur aðeins í búðum. Við vorum það mörg að stundum var öllum hópnum skipt í minni hópa, en þó var að sjálfsögðu passað upp á að aldrei væri neinn einn.

Mér fannst þessi ferð að öllu leyti mjög skemmtileg og vel heppnuð í alla staði. Mig langar helst að endurtaka hana. Hópurinn var samheldinn og ekki komu upp nein leiðindi innan hans. Allir voru ákveðnir í að leggja sitt af mörkum til að gera ferðina sem besta og eftirminnilegasta. Og það tókst. Það var gaman að blanda saman fótolta og því að vera í útlöndum, sjá og skoða eitthvað nýtt með skemmtilegu fólki. Þetta var



Strax daginn eftir hófst keppni á mótinu sem átti eftir að standa yfir næstu vikuna. Við vorum með þrjú lið, tvö strákalið (sjö- og ellefu manna) auk stelpuliðs (7 manna). Við spiluðum fótolta á hverjum degi, einn til tvo leiki á dag og ef færi gafst þá reyndu öll liðin að horfa á, og hvetja hvert annað. Því öll komum við náttúrulega frá Sindra!

Það var ný reynsla fyrir okkur öll að spila fótolta í svona miklum hita, en það vandist fljótt og áður en við vissum af voru nokkrir dagar liðnir og við búin að spila leikina okkar og eins og gengur og gerist í fótolta höfðu liðin bæði unnið og tapað. En upp úr stóð að það er frábært að vera á góðu móti með góðum félögum.

En þegar liða tók á vikuna fór að vera meiri tími til að gera eitthvað annað en að spila fótolta og gerðum við þá margt saman. Til dæmis fórum við öll saman einn

endalaust gaman og mann langaði ekki heim alveg strax, þótt það væri verslunarmannahelgi þegar við komum heim. Hver veit nema við reynum að fara aftur 2010 saman þessi hópur, nema þá bara í 2. flokk? Það væri allaveganna gaman.

Að lokum fyrir hönd hópsins langar mig að þakka öllum sem að hjálpuðu okkur við að gera þessa ferð mögulega, því auðvitað kostaði hún nokkra þúsundkalla. Þá sérstaklega viljum við koma fram þökkum til Mikael ehf fyrir að gefa okkur búningana. Einnig má þakka Sessiliu því að hún var sannur gleðigjafi og alltaf brosandí. Hún hitaði upp með okkur stelpunum, í eins búning og við og tók þátt í öllu.

Einnig vil ég þakka þjálfurum og fararstjórum sem komu með okkur.

Takk fyrir mig, Karitas Björt.

Knattspyrnudeild Sindra

Starfsemi Kn. Sindra hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár. Iðkendafjöldi hefur verið nálægt 200 einstaklingum í öllum flokkum. Allir flokkar tóku þátt í hinum ýmsu mótum og stóðu sig vel. 5Fl. og eldri spiluðu í Íslandsmótum og 3.fl.karla og kvenna fóru til Noregs á Norway Cup og stóðu sig vel.

Síðastliðin vetur var samþykkt á aðalfundi deildarinnar að skipta deildinni í tvær einingar, knattspyrnudeild, sem sér um rekstur yngri flokka (3-7 fl.) og meistaraflokksráðs sem sá um rekstur meistaraflokka og 2.flokks.

Þessi skipting gafst vel og viljum



við meina að rekstur yngri flokkanna hafi orðið markvissari við þetta. Sú ákvörðun var tekin strax og ný stjórn kom saman, að æfingagjöld flokkana yrðu að standa undir þjálfunarkostnaði þeirra. Fjárhagsstaða deildarinnar er nokkuð góð og taldi stjórnin rétt að láta á það reyna að finna styrki til að geta horft til framtíðar og byggt upp starfsemi með framtíðina í huga. Með þetta að leiðarljósi var ákveðið að bjóða uppá aukþjálfun og markmannsþjálfun fyrir þá sem vilja í yngri flokkunum. Hefur það gefist vel og þó mætingar hafi verið misjafnar, koma þarna saman börn og unglingar sem hafa áhuga á að bæta sig í sinni knattspyrnuíðkun. Fyrir lítið félag eins og Sindra, hefur verið einna erfiðast að standa frammi fyrir því að finna þjálfara. Þetta er bindandi og krefjandi starf sem þó er í flestum tilfellum mjög gefandi. Var því ákveðið að bjóða uppá þjálfaranámskeið hér heima og gekk það framur vonum. Í október var haldið þjálfaranámskeið I og mættu 15 einstaklingar á það. Þjálfaranámskeið II var síðan haldið í nóvember og þar mættu 17 einstaklingar. Á þessum námskeiðum var góð kynjablanda

og fólk af ýmsum aldri. Næsta skref hjá okkur er að bjóða uppá dómarnámskeið, en þrátt fyrir að nokkuð góður hópur fólks hafi réttindi þá vantar alltaf fleiri einstaklinga til að auðvelt verði að finna dómara til að taka að sér að dæma leik og leik. Þessi námskeið hafa verið haldin með stuðningi KSÍ og hefði þetta ekki verið mögulegt án þeirra hjálpar. Það hefur lengi verið okkar draumur að allir flokkar í knattspyrnunni geti spilað í eins búningum, en eins og allir vita hefur yfirleitt verið leitað eftir stuðningi hinna ýmsu fyrirtækja hér heima, þegar þurft hefur að endurnýja búninga. Sem betur fer hefur ávallt verið tekið mjög vel í þessar óskir

þegar leitað hefur verið eftir þessu hjá fyrirtækjum, en samt er það orðið frekar leiðinlegt að sjá hina ýmsu flokka spila í mismunandi búningum, sérstaklega á mótum þar sem nokkrir flokkar hafa verið á sama tíma. Þegar eftir var leitað þá kom Sparisjóður Hornafjarðar til umræðu og tóku vel á móti okkur og var samþykkt af stjórn Sparisjóðsins að verða aðalstyrktaraðili okkar til næstu þriggja ára. Mun því á næstu tveimur árum verða skipt út gömlum búningum og á þessu afmælisári Sindra munu flestir flokkar því verða komnir í nýja búninga í vor.

Vegna stöðu efnahagsmála var ákveðið að fresta hugmyndum um byggingu knattspyrnuhúss og er það öllum harmafregnt, því íþróttahúsið okkar er orðið yfirbokað og farið að hamla starfsemi flestra flokka, að komast ekki inn þegar þeim hentar betur.

Þrátt fyrir allt sem á gengur í þjóðfélaginu er augljóst að framtíð deildarinnar er björt, enda eigum við mikið af ungu knattspyrnufólki sem mun dafna og þroskast á komandi árum.

Gríðarlegt smass



Sú skemmtilega íþrótt badminton eða hnyt eins og íþróttin heitir upp á okkar ástkæra ylhýra hefur verið iðkuð hér á Hornafirði í áratugi, aðallega af fólki sem náð hefur besta aldri. Undirritaður man þá tíð að badminton var spilað í sal Sindrabæjar af miklu kappi á sjöunda tug síðustu aldar og eitthvað frameftir öldinn. Í dag er badmintoníþróttin að mestu til húsa í Mánagarði þar sem leikið er tvisvar í viku. Þá eru sunnudagsmorgnar til reiðu upp í íþróttahúsi fyrir þá allra hörðustu. Þarna kemur saman hópur karla og kvenna sem eru því miður í miklum minnihluta og hefur alltaf verið í gegnum tíðina. Þarna ægir saman fjölbeyttri flóru fólks sem kemur víða að úr starfsgreinum samfélagsins okkar. Eins og aðrar íþróttir gefur þetta fólki tilefni til að rækta og styrkja líkama sinn og sál og hafa gaman af. Þessi félagsskapur sem í dag nefnist Hornafjörður Badminton Group eða í styttingu HBG með útrás í huga. Útrás HBG hefur allri verið haldið innanlands og þá í formi keppnisheimsóknna í önnur sveitarfélög. Sérstök samvinna er á milli HBG og Hrollaugs, sem er félag brottfluttra hornfirskra badmintonspilara sem búsettir eru í bænum (R.vík). Þessi félög hafa efnt til keppni í Vík og nú síðast á Klaustri og boðið heimamönnum þátttöku. Með þessu hafa tengslin haldist og sambönd myndast við

heimamenn. HBG Group heldur ýmis innanfélagsmót sem eru á mis alvarlegum nótum því eitt af höfuðmottóum HBG er að hafa gaman af að hittast þó svo að þegar út í keppni er komið þá taka menn virkilega á honum stóra sínum svo svitinn sprettur af grönnum. Nefna má Festenmótið, jóla, þorra, páska og útrásramótin. Um 24 nöfn eru á iðkendalista HBG bæði innlend og erlend. Vel er mætt á æfingar þetta 12 til 15 manns. Tveir vellir eru í Mánagarði sem þýðir að 8 geta spilað hverju sinni. Til að allir fái sem mesta hreyfingu eru spilaðir styttri leikir og er þá skipt þéttar inná vellina.

Ávallt er æfingaboð sent út á netfang iðkenda fyrir hverja æfingu og er þá stundum slegið á léttu strengi og jafnvel vísnagerð viðhöfð.

Hér sýnishorn af vísu sem varð til nú eftir hátíðirnar:

Ég borðaðið mikið og melti vel
Því maturinn hann var svo góður.
Ef losa á spikið ég spaklegt tel
að spila badminton óður.

Stærsta mótið sem félagar í HBG hafa tekið þátt í til þessa er ÍFORMI mótið sem Umf. Sindri hélt í haust og tókst með miklum ágætum.

*Haukur Helgi Þorvaldsson
skrifari HBG ritaði þetta
13.dag janúar 2009*



Gluggað í Leiftur

Í Leiftri sem kom út í febrúar 1976 er spurt um framgang í byggingu ípróttahússins og er nú gaman að skoða þetta þar sem að sundlaugarbyggingin er í fullum uppgangi þessa stundina og læt ég greinina fylgja með hér.

Ípróttarhús

Hvað liður í ípróttahúabyggingu á Höfn þessa stundina? Spyr sá sem ekki veit. Fréttamenn blaðsins hafa fregnað að ríkið hafi sett bremsu á slíkar framkvæmdir og útlitið sé ekki bjart.

En ólýgin (n) sagði okkur að á hreppsnefndar-fjárhagsáætlun fyrir 1976 séu ráðstafaðar 7.000.000. (7 miljónir) kr. Til þessa framkvæmda. Þ.e.a.s. til 2. áfanga byggingarframkvæmda við Heppuskóla . Um leið var okkur tjáð að hreppsnefnd ætlaði að hefja framkvæmdir hvað sem raular og tautar. BRAVÓ fyrir þeim sem taka á nauðsynlegum framfaramálum.

Í Leiftri sem kom út árið 1972 er sagt frá félaginu árið 1934 og hvað félagsgjaldið var og hvernig menn fjármögnuðu starfsemina, hvað samheldnin skipti miklu máli og er þetta eitthvað sem að við megum alveg hugsa meira um í dag, hvað mundi örkast og vinnast ef allir félagsmenn legðust á eitt, alveg sama um hvaða og hverslags félagstarfsemi er um að ræða. Hér fylgir greinin.

Kartöflur, til hvers ?

Öll félög sem hafa framkvæmdarstarfsemi á dagskrá sinni þarfnast einhvers fjármuna. U.M.F. Sindri var þar engin undantekning ,enda kom strax fram stórhugur hjá félaginu un að hrinda af stokknum ýmsum þarfa og framfaramálum.á þeim árum var ekki eins auðvelt um fjáröflun og nú til dags.Þæði var að minna var um peninga hjá almenningi á kreppearunum og fjáraflaleiðir færri. Í fyrstu lögum félagsins 1934 var ákveðið að árgjöld félagsmanna skyldu vera ein króna og geta menn gert sér í hugarlund hvilíkt stórvirki hefur verið hægt að vinna fyrir þær kr.20 sem stofnendur hafa lagt fram fyrsta árið enda voru lagðar fram tillögur til aukinnar fjáröflunar strax rúmum tveimur mánuðum eftir stofnun félagsins.

Hinn 9.febrúar 1935 flutti Hermann

Eyjólfsson umræðuefni þar sem hann hvatti til að U.M.F.Sindri hæfi kartöflurækt á komandi vori.Var þetta mál sem og önnur á fyrstu árum ungmennafélagsins mikið og vel rætt. Málalok urðu þau að kosin var þríggið manna nefnd til að hrinda málinu í framkvæmd.Í nefndina voru kosin Hermann Eyjólfsson sem varð formaður nefndarinnar og þau ár sem að U.M.F. Sindri stundaði kartöflurækt, mesti áhugamaður um þau mál.Aðrir í nefndinni voru Sigurjón Jónsson formaður Sindra fyrstu árin og Jóhanna Jónsdóttir,dóttir Jóns Guðmundssonar.Því kynni ég þessa nefnd svo nákvæmlega að, að hún er fyrsta af mörgum fjáröflunarnefndum Sindra.Af þessari tilraun auðgaðist Sindri um 100 kr. Fyrsta árið,ekki þetti það nú stór upphæð í dag og þegar þess er gætt að árgjöldin námu aðeins kr.20 þá má nærri geta að ungmennafélagar voru ánægðir með þessa búbot.Auk þess var þetta ,sem önnur ræktunarmál í anda ungmennafélagsskaparins. Oft var glatt á hjalla í kartöflugarðinum, enda var í þá daga lítið sem ekkert um vinnu utan heimilis fyrir unglina, og var þetta því kærkomið tækifæri til að vinna saman.

Það hefur löngum þótt vænleg leið til fjáröflunar, fyrir félög að halda skemmtisamkomur. En sá var gallinn á að hér á Höfn var ekkert samkomuhús, aðeins litill fundarsalur í Miklagarði. Enda var það eitt af fyrstu málum sem rædd voru í félaginu,hvernig það ætti að koma upp þaki yfir höfuðið.Á öðrum fundi í Sindra 12. desember 1934 flytur Sigrún kjördóttir Jóns Ívarssonar kaupfélagsstjóra mál til umræðu sem fundarritari nefnir skemmtanir.Því miður segir fundarritari lítið frá umræðum. En 2. febrúar 1935 eru samkomumál aftur á dagskrá, og hér er skráð áskorun til samkomunefndar og leikenda að sýna leikritið Prestkosninguna fyrir vertið. En þá byrjaði vertið sjaldnast fyrr en um miðjan mars. Leikritið var sýnt í kirkjukjallaranum við Laxá. Mér er þetta leikrit og sýningar á því minnistæðari en flest önnur leikrit sem Sindri tók til sýningar. Kannski er það vegna þess að það var upphaf að löngum og heilla drjúgum starfsferli félagsins á þessu sviði. Að visu dró samkomuhússleysið mjög úr allri slíkri starfsemi fram til 1944 að samkomu bragginn var

reistur. En þá kom mikill fjörkippur í alla leikstarfsemi hér á Höfn. Í því átti líka mikinn þátt , að Kristján Imsland fluttist hingað.Hann var miklu kunnugri allri leikstarfssemi en við og ágætur leikari.

Ekki verður minnst svo þessara að nefna ekki þau systkinin Ragnhildi Halldórsdóttur og Kjartan Halldórsson. Þau voru ekki í Ungmennafélaginu, en flestum áhugasamari og afbragðsgóðir leikarar. Einhverjar tekjur hefur U.M.F. Sindri haft af öðrum skemmtunum en leiksýningum. Sjá má af fundargerð frá 3. nóvember 1935 a' umræður urðu um að fá lánaðaneðakeyptan.,„grammófé“til dansleikahalds en samþykkt var að fá hann lánaðan því hann átti að kosta kr 100 eða álika og ein ferð í kvikmyndarhús í dag svo það var ekki neitt fyrirbyggð þótt okkur finnst dýrt að halda dansleik.

Ekki mun velta U.M.F. Sindra hafa verið mikil fyrstu árin. Helstu útgjöldin voru vegna knattspyrnuvallarins, en á þeim tíma var hægt að gera ótrúlega hluti fyrir lítinn pening ef næg sjálfbodavinna var fyrir hendi. Kannski hefur óeingingirni og fjórnfýsifélagsmanna verið drýgstu tekjurnar.“

Það er hægt að segja að menningin hafi lengi verið Hornfirðingum hjartans mál t.d segir frá herna í Leiftri frá 1976 að Hornfirðingar ætli að halda „Stóran skammt af menningu í heila viku“ og eru nefnd atriði úr dagskrá sem hér fylgir.

Stór skammtur af menningu í heila viku

Bláasnapar LL hafa hlerað að á næstunni stæði til að fremja eina herlega menningarviku.Til að fá nánari fregnir af þessu leituðu þeir til Árna Stefánssonar sem sagður var vita allt um þetta mál. ég var nú djarfur að kalla þetta lista og menningarviku!Vegna þess að mér hefur fundist menningarlíf okkar frekar bragðdauft og það stæði engum nær og einmitt sveitastjórnarmönnum að hefja það aðeins upp og lagði ég fram tillögu um þetta á sveitarstjórnarfund. Á mínum fyrstu árum hér upplifði ég að vera á menningarsambandsmóti og hef það fyrir satt að það mun vera einhver elstu samtök um menningarmál hér.Fyrir þessum mótum stóð menningarsamband A.Skaftafellssýsluogvoruþauhaldin vítt og breitt um sýsluna. Ég vil taka það fram að ekki er hugmyndin

að einangra Hafnarkauptún við þetta þá að sjálfsögðu er ætlunin að leita út fyrir takmörk sveitarfélagsins. Er það von okkar að allir sýslubúar líta þannig á að þetta sé menningarvika þeirra allra.Í undirbúningsnefnd eru auk mín Sigríður Guðmundsdóttir og Hermann Hansson.Nefndin hefur nú þegar leitað til karlakórsins og leikfélagsins og munu þessi félög sjá um dagskrá sitt kvöldið hvort. Nú svo hefur Menningarsjóður félagsheimila , með Kristinn Hallson í fararbroddi , tekið vel undir að aðstoða okkur með útvegum á fyrsta flokks skemmtikröftum og einnig að fjármagna þetta að hluta. Við ætlumst til að það efni sem sjóðurinn útvegi taki tvö kvöld. Fimmta og jafnframt síðasta kvöldið verður svo heimatilbúin kvöldvaka með dansi á eftir. Ekki er rétt að skýra frá á þessu stigi málsins hvaða skemmtikrafta við fáum, en ég vona að enginn verði fyrir vonbrigðum með þá. Ekki má gleyma að hugmynd nefndarinnar er að hafa eina barnaskemmtun með blönduðu efni frá hinum dagskrá liðunum. Annar þáttur þessara listaviku er sýning á verkum í eigu listasafns A.S.Í. Í þessu sambandi höfum við tryggt okkur húsnæði Heppuskóla og rétt er að upplýsa að Örygur Sigurðsson listmálari mun setja sýninguna upp. Einnig er í athugun að hjá nefndinni að fá verk úr Listasafni Ríkisins og hluta af grafík- sýningu. Hvað kostnaðar hlíðina snertir, þá vonumst við til að þetta standi að mestu undir sér; en ef það tekst ekki mun Sveitarfélagið og Menningarsjóður félagsheimila(velyrdi) bjarga málanum. Nefndin mun svo kynna dagskrána í bæklingi sem dreyft verður inná hvert heimili.“

Það er gaman að koma þessu að þar sem að Menningarmiðstöðin okkar herna á Hornafirði hefur að undanfögnu stæði fyrir frábærum skemmtunum á borð við Sinfóníuhljómsveitina og Frostrósirnar sem er án efa stærstu viðburðir Menningarmiðstöðvarinnar á síðasta ári og voru afburða vel sóttar samkomur. Samheldnin innan okkar hóps var stórkostleg og ekki hefði verið unnt að standa fyrir svona stórum viðburðum nema með hjálp góðra manna.

Starf sunddeildar

Starf sunddeildarinnar hefur gengið vel síðastliðið ár, þó hefur iðkendum fækkað en iðkendur 2008 voru 30 og þar að auki voru 10 á námskeiði fyrir 5-6 ára börn.

Berglind Þorsteinsdóttir tók við starfi þjálfara í mars af Barböru Dröfn Fischer.

Í janúar –maí var einnig sundleikfimi í umsjón Matthildar Ásmundardóttur sjúkraþjálfara sem var mjög vel sótt.

Eitt af fyrstu verkefnum Berglindar var að fara með keppendur á sundmót á Djúpavogi þar sem okkar fólk stóð sig vel.

Þú er að vera nokkrum sinnum fatasund sem er alltaf jafn vinsælt, á vordögum var farið í ísferð og síðan hefur verið haldið mjög skemmtilegt videokvöld.

Með komu langþráðrar sundlaugar vonum við að sundstarfið eflist og dafni hér. Við förum að setja stefnuna á fleirri mót og hafa sundkappar af Suðurnesjum sýnt áhuga á að sækja okkur heim á vordögum. Sunddeildin ætlar að bjóða uppá sundnámskeið fyrir fullorðna og gera eitthvað meira skemmtilegar í nýrri laug á vordögum.

*Sjáumst í sundi, kveðja frá
Sunddeild Sindra.*

Félagsmálafræðsla á Höfn

Ungmennafélag Íslands, einstaklinga til starfa. Þátttakendur Bændasamtökin og fá þjálfun í ræðumennsku og kvenfélagsamband Íslands fundarskópum. Námskeiðin eru bjóða félagsmönnum sínum öllum opin. Tekið er við skráningum félagsmálafræðslu með í síma 568-2929 eða gudrun@umfi.is. Einnig eru upplýsingar á námskeiðum um allt land. Markmiðið með námskeiðinu er að efla starf aðildarfélaganna og þjálf

Félagsmiðstöðin Þrykkjan

Félagsmiðstöðin Þrykkjan er til húsa í Sindrabæ og er hún fyrir nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar frá 6. bekk til 10. bekkjar.

Opnunartímar:

| | |
|----------------|--|
| 6.-7. bekkur: | miðvikudagar kl. 17:00 - 19:00 |
| 8.-10. bekkur: | mánudagar kl. 19:30 - 22:00 |
| | miðvikudagar kl. 19:30 - 22:00 |
| | annan hvern föstudag kl. 20:00 - 23:00 |

Það er margt spennandi að gerast í Þrykkjunni á nýju ári. Á dagskrá er meðal annars:

- Söngkeppni SamAust
- Stelpukvöld
- Strákakvöld
- Innilega
- Sundstuð
- Samféshátíð
- Þrykkjuþrautir
- Vorhátíð



Félagsmiðstöðin Þrykkjan leggur áherslu á fjölbreytt frítímastarf og samveru með jafnöldrum. Það er lögð áhersla á forvarnir og er tekin skýr afstaða gegn allri vímuefnaneyslu.

Starfsmenn Þrykkjunnar vona að börn og unglingar finni eitthvað við sitt hæfi í Þrykkjunni og verði dugleg að kíkja við og eins að stinga upp á atburðum.

Badminton

Tímar í íþróttahúsinu Höfn fyrir ungu kynslóðina á laugardögum kl. 14 - 15 og frá 15 - 16 fyrir fullorðna.

Félagar í Hornafjörður Badminton Group leiðbeina.



SPARISJÓÐURINN

Hafnarbraut 36 | Sími 470 8700 | spar.is

Fótboltasumarið 2008

Gríðarlegur fjöldi iðkenda stundaði knattspyrnu á vegum knattspyrnudeildar Sindra síðastliðið sumar og tók þátt í æfingum og leikjum á vegum félagsins. Mikið starf liggur að baki einu knattspyrnusumri hjá þjálfurum, leikmönnum, stjórnarmönnum, starfsmönnum og foreldrum til þess að þetta geti nú allt gengið upp. Sindri mætti með lið í öllum flokkum nema 2. flokki karla og kvenna sumarið 2008.

Meistaraflokkur karla undir stjórn Hajrudin Cardaklija sem þjálfara spilaði í 3. deild eftir tvö ári í 2. deild. Töluverðar breytingar urðu á liðinu og voru þær helstar að Björn Pálsson gekk í Stjörnuna, Jón Haukur Haraldsson í Njarðvík, Atli Arnarson í FH, og Hjalti Þór Vignisson og Sindri Ragnarson lögðu skóna á hilluna. Nýir leikmenn komu, þar af 3 erlendir leikmenn, en þeir voru Emir Murtic framherji sem kom frá Bosníu, Stephen John Thurlby kantmaður sem kom frá Mekka fótboltans Englandi og Tadej Venta varnartröll frá Slóveníu. Þá kom Heiðar K. Rúnarsson aftur í Sindra. Eins má segja að Kristinn Þór og Gunnar Ingi hafi komið til baka en þeir voru lítið sem ekkert með árið áður. Og að sjálfsögðu komu nokkrir ungir og efnilegir leikmenn upp. Það er skemmst frá því að segja að Sindri vann sinn riðil, en datt út úr úrslitakeppni fyrir KV úr Vesturbænum í Reykjavík! Þá komumst við áfram í bikarkeppninni, en féllum úr leik í 32 liða úrslitum þegar við töpuðum 0 – 3 fyrir Reyni Sandgerði. Kristinn Þór var markahæstur hjá Sindra í sumar og skoraði meðal annars þrennu á 5 mínútum á móti



KV.

Í meistaraflokki kvenna voru þær Jóna Benný Kristjánsdóttir og Sandra Sigmundsdóttir ráðnar til þess að þjálfa stelpurnar og voru þær jafnframt leikmenn. Eins sneri Valdis Ósk Sigurðardóttir heim en hún hafði leikið með úrvalsdeildarliði Þórs/KA árið áður. Þá skiptu nokkra stúlkur yfir í Sindra sem voru Hömrún árið áður og hjálpuðu okkur aðallega í útileikjum sem og Guðrún Ása Jóhannsdóttir. Eins og vanalega voru andstæðingarnir Tindastóll, Völsungur, Höttur og sameinlegt lið Leiknir/Fjarðarbyggð. Leikin var þreföld umferð. Niðurstaða

sumarsins varð 3. sætið, en jafnframt tóku stelpurnar þátt í Visabikar eftir töluvert hlé og þar slógum við Hött út og mættum Þór/KA á Akureyri í 16 liða úrslitum og stóðu stelpurnar sig mjög vel þrátt fyrir 0-4 tap. Eins og of áður fyrr var Jóna Benný markahæst sumarsins.

3. og 4. flokkur karla voru báðir með 11 manna lið og spiluðu víðsvegar um landið frá Borganesi í vestri til Vestmannaeyja í suðri og stóðu sig oft á tíðum mjög vel þó svo oft hafi verið á brattann að sækja. Þjálfari flokkanna var Sævar Þór Gylfason.

3. flokkur kvenna var með 17 manna bolta og var í riðli með liðum frá Snæfellsnesi og

Stór- Reykjavíkursvæðinu. Enduðu þær í 4. sæti af 8 liðum, en 3 lið komust í úrslitakeppnina. Þjálfarar 3. flokks voru þær stóllur Jóna Benny og Sandra Sigmundsdóttir.

4. flokkur kvenna tók þátt í 11 manna bolta á síðasta sumri og spiluð þær í norðaustur riðli en sá riðill nær frá Akureyri til Hornafjarðar. Þetta var fin reynsla fyrir okkar stelpur og stóðu sig með mikilli þryði þó svo að KA liðið hafi verið heldur sterkt fyrir þennan hóp. Þjálfari 4 flokks kvenna var Ólafur Jónsson

Einu flokkarnir sem spiluðu í gamla góða austfjarðarriðlinum voru 5.

flokkar karla og kvenna. Strákarnir voru með a og b lið en stelpurnar með a lið. Það skekkir myndina samt aðeins að Fjarðarbyggð teffir nú fram sameiginlegu liði í yngri flokkum líka sem fækkar leikjum okkar töluvert. Þjálfari 5. flokka karla og kvenna var Nihad Hasecic (Cober).

Þá eru það 6. flokkarnir en þeir fóru á Hnátu – og pollamót KSÍ en því miður var mjög léleg mæting af austfjörðunum í þau mót og eitthvað sem þarf að passa betur uppá. Þjálfarar 6. og 7. flokks kvenna voru Jóna Benný og Sandra Sigmunds, en Miralem Haseta þjálfaði drengina í þessum flokkum. Stóðu krakkarnir sig mjög vel á mótunum og voru Sindramönnum öllum til mikillar þryði.

Þá eru ónefnd öll þau mót sem yngri flokkarnir fóru á t.d. Síamótið í Kópavogi, N1 mótið á Akureyri og Norge cup í Osló. Alls eru skráðir 129 leikir á Sindra árið 2008 á vef KSÍ, en það er fyrir utan alla æfingarleiki og mót félaga þannig að það er ekki langt frá því að það sé fótboltaleikur annan hvern dag hjá knattspyrnudeild Sindra á nýliðnu ári og því umfangið gríðarlegt og því erfitt að ímynda sér þennan rekstur án aðgengis að rútum aðalstjórnar Sindra.




Fréttir af frjálsíþróttafólkinu okkar

Það er sannarlega mikið um að vera hjá frjálsíþróttafólkinu á næstu mánuðum en stefnt er á fimm stórmót í Reykjavík á næstu tveimur mánuðum. Allt eru þetta meistaramót af ýmsum gerðum fyrir utan Reykjavík International sem er boðsmót og er tveimur keppendum frá okkur boðið til keppni, en þau eru Sveinbjörgu Zophoníasdóttur sem er boðið að keppa í langstökki, hástökki og þristökki og Fannari Blæ Austar Egilssyni sem er boðið að keppa í 1500 metra hlaupi.

Frjálsíþróttafólkið okkar er allt ungt að árum og á framtíðina fyrir sér. Elsti hluti hópsins er þegar farinn að láta að sér kveða í úrvals- og afrekshóp FRÍ. Úrvalshópur ungmenna miðast við aldurinn 15-

sem hann kastaði 12.22 m. Sleggju 5.5 kg þar sem hann kastaði 26.28. Einnig setta hann Úlfjótmet með sitthvoru spjótinu en hann kastaði 1. kg 43.89 m og 700 gr. spjóti 45.22 m. Öll þessi gömlu met átti Haukur Margeir Hrafnsson. Jón stefnir á að bæta sig enn meir á næsta sumri enda æfir hann stíft 6 x í viku.

Sveinbjörg Zophoníasdóttir (f. 1992) er í úrvalshópi FRÍ. Hún gerði sér lítið fyrir og keppti í átta greinum á MÍ 15-22 ára í sumar og vann gull í fimm þeirra og silfur í þremur. Hún setti einnig nokkur Úlfjótmet en það var í kúluvarpi með 3 kg kúlu þar sem hún kastaði 12.20 m. Í kringlu 600 gr þar sem hún kastaði 37.65 m og í 7 þraut meyjja þar sem



22 ára og í hann veljast ungmenni sem hafa ná vissum viðmiðum sem ÍÞA (Íþrótt og afrekshópur FRÍ) hefur sett. Í þessum hópi eru nú liðlega 100 ungmenni af öllu landinu. Þau ungmenni sem ná allra besta árangrinum komast í afrekshóp FRÍ en í þeim hópi eru nú einungis tæp 30 ungmenni. Við eigum þrjú ungmenni í úrvalshópnum. Eitt þeirra hefur verið í afrekshópnum en datt út vegna meiðsla en öll banka þau upp á í afrekshópnum.

Jón Snorri Þorsteinsson (f. 1991) er í úrvalshópnum hjá FRÍ hann setti á síðasta ári fjögur Úlfjótmet í kast greinum í aldursflokknum 17-18 ára. Það var í kúlu 5.5 kg þar

hún fékk 4127 stig og var í öðru sæti á eftir Íslandsmeistararum. Það er ljóst að Sveinbjörg á mikið inni því á síðast sumri náði hún ítrekað mjög góðum árangri bæði í hlaupum og stökum sem þó fæst ekki staðfestur vegna vinds. Við væntum þess vegna mikils af henni á þessu ári. Þess má einnig geta að Sveinbjörg var í boðhlaupsveit meyjja á unglíngalandsmótinu sem hljóp á besta tíma sem hefur náðst á íslenskrum grundu frá upphafi.

Glæsilegasti árangurinn er þó á efa hjá Fannari Blæ Austar Egilssyni sem valinn var í afrekshóp ÍSÍ 2007 og vinnur að því að halda sér þar inni. Hann stóð sig frábærlega síðasta sumar og varð til að mynda

Íþrótt- og tómstundakort

Á 132. fundi bæjarstjórnar Hornafjarðar var samþykkt tillaga um að sveitarfélagið taki upp svokölluð íþrótt- og tómstundakort fyrir aldurshópinn 6-18 ára. Þessi kort eru á formi 10.000 kr. styrks til íþrótt- og tómstundaiðkunar í sveitarfélaginu. Samþykkt var að þetta kæmi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Meginmarkmið íþrótt- og tómstundakortsins er að gefa börnum og unglingum á aldrinum 6 -18 ára aukna möguleika á að taka þátt í uppbyggilegu starfi íþróttafélaga, tónskóla og annarra aðila sem standa fyrir íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu. Með kortinu má þannig greiða fyrir skipulagða íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi á vegum félaga og samtaka á Hornafirði.

Meðal helstu skilyrða fyrir veitingu styrks er að iðkendur og félag eða stofnun eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði. Því er ekki greitt fyrir iðkun hjá félögum og stofnunum utan okkar sveitarfélags. Þá er lögð áhersla á að um skipulagt starf eða kennslu sé að ræða sem stundað er undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn að lágmarki 10 vikur og fari fram á árinu 2009. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþrótt- og æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, o.fl. Þá er mælt til að umrædd félög stilli verðlagi á æfingagjöldum sínum í hóf.

Helstu reglur um notkun styrkjanna eru að ráðstafa má þessari fjárhæð til fleiri en einnar greinar á hverju tímabili. Eftirstöðvar íþrótt- og tómstundakorts, ef einhverjar eru, er ekki heimilt að færa milli ára og falla þær niður í lok hvers árs. Íþrótt- og tómstundakortið er hægt að nýta til kaupa á kortum í líkamsræktarstöðvum í sveitarfélaginu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda og utanumhald. Með íþrótt- og tómstundakortinu er ekki mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað, svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað o.þ.h.

Ferli um greiðslur styrkja: Foreldrar og forráðamenn skrá barn á námskeið hjá félagi sem fellur undir reglur um íþrótt- og tómstundakort. Foreldrar greiða fyrir viðkomandi námskeið og fá afhenta kvittun frá félaginu sem það lætur fylgja með umsókn um frístundakortið til sveitarfélagsins og í kjölfarið er styrkur greiddur í afgreiðslu sveitarfélagsins inn á uppgefinn bankareikning.

Það er von Sveitarfélagsins Hornafjarðar að umræddar greiðslur vegna tómstundaiðkunar barna og ungmenna megi nýtast sem best og um leið efla það íþrótt- og tómstundastarf sem hér þrífst svo ágætlega.

Stefán Ólafsson

þrefaldur Íslandsmeistari á MÍ 15-22 ára. Hann er einn efnilegasti ungi millivegahlaupari landsins og hann stefnir hátt. Fannar hefur samt fundið fyrir meiðslum í vetur og hefur því ekki mikið getað æft fram að þessu en vonandi lagast þau meiðsl þegar líður á veturinn svo hann geti tekið fullan þátt í mótum sumarsins. Á síðasta ári setti Fannar tvö Úlfjótmet í fullorðinsflokkki hann bætti met Halldórs B Ívarssonar í 800 m og 1500 m þegar hann hljóp 800 m á 2.06.44 mín. og 1500 m. á 4.21.78 mín.

Auk þessara þriggja ungmenna bankar Björn Ármann Jónsson (1992) stíft upp á úrvalshópinn og

vantar aðeins örfáa sentimetra í að komast í þann hóp og stefnir hann ótrauður á það næsta sumar, enda æfir hann af kappi. Björn sett tvö Úlfjótmet í sumar í flokki 15-16 ára, í spjótkaсти 600 gr. kastaði hann 43.69 m. Eldra meti átti Jón Snorri Þorsteinsson og síðan setti hann met í kúluvarpi 5.5 kg þar sem hann kastaði 11.23 m. Eldra metið átti Pétur B Heimisson.

Síðan eru stór hópur af yngri krökkum sem hafa verið að ná frábærum árangri og við væntum þess að mörg þeirra eigi eftir að láta að sér kveða á vettvangi frjálsíþróttanna á næstu árum og komast í úrvals- og afrekshóp FRÍ þegar þau hafa aldur til.

Afhending Menningarverðlauna og styrkja

Þann 6. febrúar n.k. fer fram afhending styrkja menningar- og tómsbundanefndar, bæjarráðs og skólaneftndar. Einnig verður á sama tíma afhending menningarverlauna

Menningarverðlaun Sveitarfélagsins hafa verið veitt árlega frá 1995. Auglýst er eftir tilnefningum ásamt rökstuðningi og hafa allir íbúar sveitarfélagsins rétt til að taka þátt. Tilnefningarnar berast menningar- og tómsbundanefnd sem fer yfir þær og leitast við að komast að einróma niðurstöðu. Heimilt er að veita fleirum en einum aðila menningarverðlaun, telji nefndin að fleiri en einn hafi skarað framúr og þannig verðskuldað verðlaunin.

Verðlaunin eru í formi heiðurskjalas sem formaður nefndarinnar undirritar og eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrir eftirtektavert framtak á sviði lista og menningar á nýliðnu ári.

Markmið verðlaunanna er að vera almenn hvatning og viðurkenning til eflingar menningar- og listastarfs í sveitarfélaginu.

Þeir sem hlotið hafa menningarverðlauna Hornafjarðar frá upphafi:

- Leikfélag Hornafjarðar 1994
- Karlakórinn Jökull 1995
- Magnús J. Magnússon 1996
- Arnþór Gunnarsson 1997
- Guðlaug Hestnes 1998
- Albert Eymundsson 1999
- Barnakór Hornafjarðar 2000
- Jóhann Morávek 2001
- Gláma-Kím – Árni Kjartansson 2002
- Haukur H. Þorvaldsson 2003
- Gísli Sverrir Árnason 2004
- Nemendafélag FAS 2005
- Hornfirska skemmtifélagið og Þórbergissetur 2006
- Jack D. Ives 2007

Afhending styrkja og menningarverðlauna fer fram í Nýheimum þann 6. febrúar n.k. kl. 16.00 og verður auglýst nánar á www.hornafjordur.is/vidburdir

Allir eru velkomnir.

Metþátttaka á Hornafjarðarmeistaramótinu og Íslandsmeistaramótið framundan

Hornafjarðarmeistaramótið 2008

Metþátttaka var á Hornafjarðarmeistaramótinu í Nýheimum milli hátíða. Alls spiluðu 130 keppendur. Ánægjulegt er að börn og unglingar sækja mótið betur en áður og undirstrikar það markmið mótshaldsins þ.e. að vera skemmtileg og fjölskylduvæn keppni þar sem allir eiga sömu möguleika. Mótið gekk vel fyrir sig og stóð Eymundur Ragnarsson uppi sem sigurvegari. Í öðrusæti var Björn Gísli Arnarson og Kristjana Ragna Jensdóttir í því þriðja.

Íslandsmeistaramótið 2009

Mótið verður föstudaginn 13. febrúar n.k. kl 20:00 í Skaftfellingabúð Laugarvegi 178 Reykjavík. Þriggjámann úrslitaumferð verður að venju í upphafi þorrablóts Hornfirðinga daginn eftir. Úrslitin á mótinu í fyrri voru sérstök að því leyttinu að til úrslita spiluðu frænkur og mæðgur; Elín Arnardóttir sigraði, önnur varð Þórhildur dóttir Elínar Örnú Gunnarsdóttur sem varð þriðja. Góð þátttaka hefur verið undanfarin ár m.a. mættu háskólanemar vel í síðustu keppni og hafa þátttakendur átt ánægjulegar samverustundir þar sem gamlir kunningjar hittast og spjalla saman.

Frjálsíþróttadeild Sindra

Með tilkomu nýja íþróttavallarins hér á Sindravöllum varð bylting í aðstöðu til frjálsíþróttaiðkunar á Höfn. Þessi bylting skilaði sér svo sannarlega í iðkendafjölda en milli 50 og 60 börn æfa nú frjálsar íþróttir að staðaldri á vegum frjálsíþróttadeilda Sindra og Mána en þessi tvö félög hafa náð samstarf. Aðalkeppnistíminn í frjálsum íþróttum er á sumrin og þá hafa verið 4 æfingar á viku fyrir alla aldursflokka. Yfir veturinn eru æfingar mun færri vegna tímaskorts í íþróttahúsinu og æfa yngstu börnin þá einu sinni í viku en eldri tvisvar. Þar fyrir utan eru eldri iðkendur með æfingaprógram frá þjálfara þar sem þeir eiga að skila ákv. æfingátíma milli þessara tveggja æfinga á veturna. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Við eigum núna þrjú ungmenni í úrvaldópi FRÍ og fleiri banka upp á. Í úrvalshópinum komast ungmenni á aldrinum 15 – 22 ára sem náð hafa ákveðnum lágmarkum sem íþróttar og afreksnefnd FRÍ setur.

Auk þess að hafa fengið þessa frábæru æfinga- og keppnisaðstöðu sem nýtist öllum bæjarbúum þá höfum við verið einstaklega heppin með þjálfara. Í sumar voru fjórir frjálsíþróttarþjálfarar hjá okkur sem allt eru fyrrverandi eða núverandi landsliðsmanneskjur í frjálsum og hið sama er að segja með þjálfarana í vetur. Því eins og allir vita þá er góð aðstaða nauðsynleg en góðir og áhugasamir þjálfara eru þó það sem öllu máli máli skiptir.

Í lok janúar hefst keppnistímabilið hjá frjálsíþróttafólkinu okkar. Þá byrja hin ýmsu innanhúsmót á vegum FRÍ og munu krakkarnir okkar fara á allt að fimm mót fram í apríl. Innanhúsmótin eru öll haldin í frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum en tilkoma hennar bæði lengdi keppnistímabilið í frjálsum og gjörbreytti allri aðstöðu til frjálsíþróttaiðkunar á landinu.

Frjálsíþróttafólk á Hornafirði er bjartsýnt og horfir fram á gott frjálsíþróttarár.

Gamlárshlaup Sindra



Á gamlársmorgun var hlaupið víðavangshlaup og er þetta í þriðja sinn sem það er haldið. Bodið var uppá þrjár vegalengdir; 2 km., 5 km. og 7 km. Flott mæting var enda fint veður en alls tóku 47 kempur þátt í mótinum og fyrst í sínum flokkum voru:

- 2 km. hlaup kvenna - María Birkisdóttir 8,42
- 2 km. hlaup karla – Randver Ólsen, 9,34
- 5 km. kvenna – Siggerður Aðalsteinsdóttir, 25,42
- 5 km hlaup karla – Hrafn Hermannsson, 25,06
- 7 km hlaup kvenna – Sólrún Sigurjónsdóttir, 38,02
- 7 km. hlaup karla - Miralem Haseta, 27,27

Fjölbreytni í atvinnumálum

Aukin fjölbreytni í atvinnumálum er eitt mikilvægasta stefið í eflingu byggðar. Í þessari grein langarmig að fara yfir nokkur verkefni sem unnið hefur verið að á þessu kjörtímabili og ræða um framtíð atvinnamála í héraðinu í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagsmálum.

Feysknar eða styrkar stoðir?

Allt sem gert er verður að byggja á sterkum grunni. Blómleg byggð hvílir á stoðum atvinnulífs og að til staðar séu möguleikar fyrir fólk að lifa jafn góðu eða betra lífi og annar staðar. Samfélagið við rætur Vatnajökuls hefur fyrst á síðast byggst á þremur grunnþáttum: sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu. Í kringum þessar greinar verður til þjónusta og verslun, iðnaður og verktakastarfsemi og opinber þjónusta og stjórnsýsla. Hvernig ætli stoðir samfélagsins séu í dag? Stundum hefur undirrituðum fundist að svartsýni gæti þegar horft er til framtíðar en er ekki sammál þeirri sýn. Margt er að breytast, störfum fækkar vegna tæknivæðingar en lykilyrirtæki á staðnum standa sterk. Því er samt ekki að neita að það myndi styrkja verslun og þjónustu hér á staðnum verulega ef fólk fjölgaði í byggðarlaginu. Hægt væri að taka mýmörg dæmi um sterka stöðu fyrirtækja hér um slóðir en nærtækast er að benda á stórfellda fjárfestingu í sjávarútvegi á síðustu árum, bæði í vinnslu og útgerð, fjárfestingu og uppbyggingu í gistingu og afþreyingu í ferðaþjónustu og framförum í landbúnaði. Stoðirnar eru því ekki að feyskna né fúa heldur að styrkjast.

Af hverju Nýheimar?

Gerðar eru miklar kröfur til Nýheima. Miklir fjármunir voru lagðir í verkefnið í upphafi og væntingarnar um að Nýheimar yrðu vendipunktur í þróun byggðarlagsins. Nýheimar eru ungir að



árum en samt hefur tekist að koma á fót verkefnum sem vekja vonir um að Nýheimar rísi undir kröfunum. Náið samstarf hefur alla tíð verið á milli stofnana í Nýheimum og sveitarfélagsins. Nýheimar og sveitarfélagið eiga að vera til þess að styðja við en það gerist samt ekkert nema fyrir auga og vilja einstaklinga og fyrirtækja. Styrkur Nýheima felst því fyrst og síðast í því hvernig stofnunum þar tekst að þróa samstarf með íbúum og fá þá til að nýta þá þjónustu sem í boði er. Til að taka dæmi þá veitti Nýsköpunarmiðstöð Íslands styrk til fjölmarga aðila undir yfirskriftinni "Sóknarfæri á Suðausturlandi". Þar kemur Nýsköpunarmiðstöðin til að standa við bakið á frumkvöðlum sem vilja þróa nýjar aðferðir og vörur. Samstarf sveitarfélagsins og Nýheima leiddi til stofnunar Ríki Vatnajökuls ehf. árið 2006. Fyrirtækið vinnur nú ásamt fleirum vinna nú að þremur áhugaverðum verkefnum í ferðaþjónustu sem lúta að fjallamennsku, fuglaskoðun og sögutengdri ferðaþjónustu. Í samstarfi Sveitarfélagsins, Matis og Nýsköpunarmiðstöð var hleypt af stokkunum verkefnum fyrir áramót sem kallast smáframleiðsla á matvælum. Fjöldi aðila hefur sýnt því áhuga og ekki útlit fyrir annað en að fjölmargar nýjar vörur verði settar upp í hillur verslana á árinu 2009, unnar úr hráefni úr héraðinu. Í samstarfi sveitarfélagsins, Ríki Vatnajökuls og fleiri er unnið að því að efla ferðaþjónustu innan þjóðgarðsins. Ein hugmyndin er komin á flug og gengur út á að gera fjallandi Austur-Skaftafellssýslu að einu eftirsóknasta fjallasvæði til klifurs og fjallaferða í norður Evrópu. Að endingu var stofnaður atvinnu- og rannsóknasjóður úr fjármunum sem féllu til vegna sölunnar á Nesjaskóla og hjálpar

vonandi fólki og fyrirtækjum til að þróa nýjar aðferðir og vörur sem efla byggð.

Nýjar auðlindir

Það er því hægt að vera bjartsýnn vegna þess að stoðirnar eru sterkar og starfið sem gerjast í Nýheimum vekur enn meiri vonir um bjartari tíma. Sóknarfærin eru fleiri og svæðið er ríkt af auðlindum sem með tíð og tíma, meiri þekkingu og rannsóknnum verður hægt að hagnýta. Nýverið var ákveðið að ráðast í verkefni með Rolf Johansen og Co að kanna kosti þess að koma á fót átöppunarverksmiðju fyrir vatn á Hornafirði. Einnig eru aðilar að vinna á fullu í að koma á fót gagnaveri. Sveitarfélagið vinnur nú að því að skoða virkjanakosti í sveitarfélaginu sem eykur líkur á að orkufrekur iðnaður geti byggst upp á svæðinu, s.s. gagnaver. Líkur eru á að verkefni um orkurannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu komist á laggirnar á árinu 2009 í samstarfi Nýsköpunarmiðstöðvar og sveitarfélagsins. Þar verður m.a. horft til þess að virkja sjávarföllin. Á síðustu mánuðum hafa tveir ungir hönnuðir sýnt áhuga á að starfa hér í lengri og skemmri tíma. Þeir nota hráefni úr umhverfinu og smíða húsgögn, skartgrip og allt sem hugmyndaflugið leyfir. Hugvitið er því alls ekki beislað ennþá. Samhliða því að efla þau fyrirtæki sem starfa í dag skulum við óhindrað láta hugann reika að nýjum tækifærum og hafa kjark til að skoða allt ofan í kjöllinn.

Frostið oss herði

Það vantar bara í frasakennda stjórn málaumræðuna í dag að grípa til hendinga úr ættjarðarljóðum 19. aldarinnar eins og fyrirsögnin ber með sér. Það er samt engin lygi að efnahagsfrostið á að herða okkur og þegar vorar og hlýnar á nýjan leik tekur fjörið við. Við skulum því vera bjartsýn en muna að bretta þarf upp emmar ef góðir hlutir eiga að gerast. Það er líka - eins og einn góður maður segir stundum við mig - ekkert annað í boði.

Hjalti Þór Vignisson

Leiftur

Útgáfa Leifturs: Ungmennafélagið Sindri

Ritstjóri: Valdemar Einarsson

Ábyrðarmaður: Ásgrímur Ingólfsson

Umbrot: Heiðar Sigurðsson

Prentun: Stafræna Prentstofan

Forsíðumynd: Björn Gísli Arnarson

Fagleg aðstoð: Mennigarmiðstöð Hornafjarðar

Minnum á tómstundakortið

Körfubolti á Hornafirði kominn til að vera



Það hefur mikil gróska verið undanfarið ár í körfuboltanum hjá okkur og má rekja upphaf þess til komu Arnars Guðjónssonar hingað veturinn 2005 en þá höfðu liðið um 10 ár frá því að markvist var haldið úti þjálfun í körfubolta hér á þessu svæði. Arnar setti strax kraft í að halda úti æfingum í mörgum flokkum. Félagi Arnars, Skúli Þórðarson þjálfaði með Arnari og tók við þjálfuninni þar til vorið 2008. Karl Þórðarson fluttist hingað frá Suðurnesjum vorið 2008 og tók þá við þjálfun 2ja flokka en Otto Marvinn Gunnarsson hefur þjálfað 1 flokk. Ottó kemur úr fyrsta hópnum sem Arnar setti í gang og hefur staðið sig vel í þjálfun þrátt fyrir ungan aldur.

Stefnan er að byggja upp körfuboltan hér til framtíðar en þessi íþrótt hentar mjög vel minni sveitarfélögum. Mótahald og keppnisfyrirkomulag er þannig að 4 mót eru spiluð á hverjum vetri og hreyfast liðin upp og niður styrkleikaskala eftir hvert mót og þannig er leitast við að keppt sé á jafnréttisgrundvelli. Við höfum haldið mót hér í íþróttahúsinu og hefur það gengið vel, góð aðstaða og tímamælingabúnaður í góðu lagi. En mót væru ekki haldin hér í íþróttahúsinum nema að við getum fengið starfsfólk, dómara

og ritara en hér á Höfn eru nokkrir reynsluboltar úr körfunni auk þeirra sem hafa verið að æfa undan farin ár.

Í vetur höfum við haldið 2 mót og farið í 2 ferðir með 2 flokka auk þess að taka þátt í bikarkeppni. Það sem er framundan eru 4 mót í febrúar og mars og síðan fer 1 flokkur á mót í minnibolta.

Ekki er hægt að ljúka þessari yfirferð um körfuboltan án þess að tala um ferðalögin og Sindrarúturnar, en hægt er að fullyrða það að ekki væri hægt að halda úti flokkaíþrótt eins og körfuboltinn er nema að taka þátt í islandsmóti því þar uppskera leikmenn árangur eftir þrotlausar æfingar. Eins og áður kom fram eru mótin 4 yfir vetrinn og þar af mögulega 1 á heimavelli. Keppnisferðalögin eru spennandi heil helgi, 4 til 5 leikir, sofa 1 til 2 nætur, nesti, pizza veislur og dvd. Sindrarúturnar leysa allan fjárhagslegan og tæknilegan vandan sem skapast við skipulagningu á þessum ferðalögum og vekja athygli á okkur hvar sem við komum.

Með von um góða þáttöku í körfuboltanum í ár og næstu ár

Stjórn körfuboltadeildar Sindra

Frá aðalstjórn Sindra

Nú þegar árið 2009 er framundan og það viðburðaríka ár 2008 að baki erum við Sindra menn í sóknarhug og látum ekkert krepputal trufla það metnaðarfulla starf sem deildir félagsins standa fyrir. Eins og sést hér í blaðinu er af nógu af taka fyrir þá sem vilja finna sér íþrótt til að stunda og skiptir aldur þá litlu máli. Í haust stóð félagið fyrir mótinu Íformi sem var hugsað til þess að fá fullorðið fólk til þess koma sér í form. Okkur sem stóðu að þessu móti langaði nefnilega til að sjá meira af fólki yfir þritugu hreyfa sig reglulega hér á Höfn. Eldri borgarar hafa verið duglegir að ganga hér um götur auk þess sem þeir standa fyrir sundleikfimi og venjulegri leikfimi. Eins sé maður þó nokkuð af miðaldra konum sem ganga saman en alltof margir hafa sig ekki upp úr sófunum. Eftir þetta mót hefur orðið talsverð aukning í íþróttum fyrir 30 ára og eldri, og sýnist okkur að þátttakan og formið ætti að verða talsvert betra þegar mótið verður 18. til 20. september næsta haust.

Á árinu 2009 verður Sindri 75 ára og af því tilefni var stofnuð sérstök afmælisnefnd sem stendur fyrir ýmsum uppakomum og hefur hún meðal annars valið nýjan búning fyrir keppendur félagsins. Blóm og Bródrí sér um að panta þennan búning fyrir fólk og merkja hann. Hápunktur afmælisársins verðu svo í kringum afmælið sjálft 1. Desember 2009.

Aðalstjórn Sindra stóð fyrir könnun meðal barna og unglinga á Hornafirði hvort vissar íþróttir gætu hentað þeim, var þessi könnun gerð með það að markmiði að reyna að nálgast þá krakka sem ekki eru í skipulögðu íþróttastarfi hjá félaginu. Á afmælisárinu ætlum við að ýta einverjum af þessum greinum úr vör og er það von okkar að allir finni eitthvað við sitt hæfi hjá félaginu.

Starf ungmannafélaga verður aldrei meira heldur en það sem félagsmennirnir eru tilbúnir að láta í það og hér á Hornafirði höfum við verið svo heppin að fólk er yfirleitt boðið og búið til að aðstoða og taka þátt. Sem dæmi má nefna að þegar við fórum að leita eftir þjálfurum í þær nýju greinar sem við höfum áhuga á að setja af stað var það ekkert nema sjálfsagt hjá því fólki sem við töluðum við. Það mikla félagsstarf sem er hér í samfélaginu okkar verður ekki metið til fjár en það gerir líf okkar skemmtilegra, betra og innihaldsríkara og því ómetanlegt. Því eiga öll þau félagasamtök og einstaklingar sem að því standa hrós skilið.

Ég þakka samstarfsfólki mínu og Hornfirðingum öllum samstarfið á liðnu ári og óska þeim gleðilegs árs og megi það verða gjöfult til sjávar og sveita

*Ásgrímur Ingólfsson, formaður
Sindra*

Atburðir milli jóla og nýárs

Milli jóla og nýárs er ávallt nóg um að vera á Hornafirði. Reyndar er það svo að fólk þarf að velja og hafna sem er vel, en þó er reynt að láta atburðina sem minnst skarast. UMF. Sindri stóð fyrir fjórum uppakomum og var sú fyrsta hin árlega Firmakeppni knattspyrnudeildar og var hún haldin í íþróttahúsinu laugardaginn 27. des. Til keppni voru skráð 8 lið, 4 karlalið og 4 kvennalið.

Í karlaflokki vann lið Sveitafélagsins Hornafjarðar og var það skipað þeim Hjalta Þór, Hauk Inga, Hajrudin Cardaklija, Miralem Haseta, Cober og Kristjáni fimmta (Venna í húsasmiðjunni). Í kvennaflokki vann lið skipað leikmönnum frá Króm og Hvítt, sem voru þær Briet, Iðunn Tara, Heba Björg, Eyðisi og Huldu Björg.

Á sunnudeginum stóð svo frjálfsíþróttadeild Sindra fyrir innanhúsmóti í frjálsum þar sem keppt var í hinum ýmsu greinum og var mæting ágæt.

Um kvöldið stóð aðalstjórnin fyrir Bridgekvöldi í Ekru og var fin mæting og spilað á 5 borðum. Spilaður var tvímenningur og urðu úrslit sem hér segir:

1. Gunnar Páll Halldórsson
Steinnar Guðmundsson
2. Ingvar Þórðarson
Gísli Gunnarsson
3. Jón Axelsson
Haraldur Jónsson

Annáll 2008

Janúar

Áramótin fóru mjög vel fram í Ríki Vatnajökuls enda viðraði þokkalega á gamlárskvöld þrátt fyrir að veðurspáin hafi ekki verið með besta móti.

Átján börn fæddust í sveitarfélaginu árið 2007, tólf drengir og sex stúlkur.

Sigursteinn Haukur Reynisson, nemandi á þriðja ári í rafmagns- og tölvuverkfræði hlaut styrk fyrir framúrskarandi námsárangur í grunnnámi í verkfræðideild Háskóla Íslands

Nýheimar leiða tvö verkefni í Norðurslóðaáætlun Evrópu og fær 50 milljón króna styrk

Regína Hreinsdóttir hefur tekið við starfi þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og flutti fjölskyldan í Hæðir, bústað þjóðgarðsvarðar 19. des. sl.



Heppnin var með Kristófer Ögmundssyni á Höfn þegar hann fann flöskuskeyti á Austurfjörum sem innihélt kanadíska peninga og bréf frá vélstjóra á kanadíska strandgæsluskipi.

Eiríkur Hansson og Ísjakarnir í Hafnarskóla hlutu titilinn Hornfirðingar ársins 2007

Framkvæmdir við sundlaugarbygginguna á Höfn komnar á fullt. „Við ætlum að vera snöggir að þessu“, segir Gunnar Gunnlaugsson framkvæmdastjóri Mikaelsh ehf.

Hafnar framkvæmdir við endurbyggingu gamla burstabæjarins á Hala

Febrúar

Flugfélagið Ernir bætir við flugi til Hornafjarðar en farþegastraumur hefur aukist mikið frá því að félagið tók við á þessari leið.

Eikarbáturinn Heddi frændi sökk við bryggju í Óslandi. Vel gekk

að ná honum upp aftur en honum verður fargað.

Ásta á Grund útnefnd Nesjamaður ársins á þorralóti í Mánagarði

Starfsemi Þekkingarnetsins í Nýheimum hefur vaxið hratt og hefur það nú bætt við sig starfsmanni.

Jack D. Ives hlaut menningarverðlaun Hornafjarðar fyrir bókina „Skaftafell í Örfæum – Íslands þúsund ár“ og rannsóknir sínar í Skaftafelli frá 1952

Lydía Angelíka Guðmundsdóttir í Grunnskólanum Hofgarði hlaut þriðju verðlaun í ritgerðarsamkeppni sem samtökin Vinir landsbyggðarinnar stóð fyrir

Björgunarfélag Hornafjarðar keypti tvo nýja snjósleða. Þeir eru vel búnir björgunartækjum ss. VHS talstöð, GPS tæki og nauðsynlegum sjúkrahúnaði.



Þórey Bjarnadóttir sauðfjárræktar-ráðunautur var kosin formaður Búnaðarsambandsins fyrst kvenna.

Mokaffi var hjá línubátum, mest af aflanum stór ýsa.

Lúga í farþegaheild opnaðist á Cessna flugvél Flugfélagsins Ernis á leið frá Reykjavík til Hornafjarðar. Vélin lenti heilu og höldnu á Hornafjarðarflugvelli en farþegum var brugðið.

Mars

Blúshátíðin Norðurljósaþlús var haldin í þriðja sinn á Höfn. Yfir 40 tónlistarmenn komu fram á hátíðinni, m.a. tvær sveitir skipaðar heimamönnum.

Átta finnskir nemendur og þrjú kennarar frá bænum Jämsä komu í heimsókn til FAS. Heimsókn þessi er liður í samstarfsverkefni sem skólarnir eiga í um þjóðgarða og frumkvöðlafræði.

Þórður H. Ólafsson var

ráðinn framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Bæjarstjórn Hornafjarðar harmar þá ákvörðun yfirstjórnar þjóðgarðsins að starfsstöð framkvæmdastjóra yfirstjórnarinnar verði í Reykjavík.



Aldrei frá því útsýnisferðir í Ingólfshöfða byrjuðu árið 1991 hefur eftirspurn og pantanir verið eins margar og núna að sögn Einars Sigurðssonar hjá Örafæferðum.

Hrafn Eiríksson nemandi í FAS sigraði í Forritunarkeppni framhaldsskólanna sen var haldin í Háskólanum í Reykjavík.

Starfsfólk Nettó í Miðbæ bauð til afmælisveislu í tilefni eins árs verzlunarafmælis á Höfn.

Hótel Skaftafell í Freysnesi var opnað sem Fosshótel og var Dóra Guðrún Ólafsdóttir í Svínafelli verið ráðin hótelstjóri.

Nokkrir öikumenn lokuðu veginum við Lónsvegumót tímabundið til að mótmæla okurverði á olíu og bensíni.

Apríl

Þrjú verkefni á Hornafirði hlutu styrk vegna mótvægisáðgerða ríkistjórnarinnar, samtals 7,5 milj. króna. Voru það Bestfiskur ehf fyrir „Saltfisk-Hagleiksmiðju, kynning á saltfiskvinnslu og gjafavöru“, Menningarmiðstöð Hornafjarðar vegna verkefnisins „Munnleg hefð, miðlun sagnaarfs“ og Anne Thomsen og Sæmundur Jónsson í Árbæ vegna verkefnisins „Heimavinnslan Jöklaís og ferðamannfjós“.

Góð þátttaka var í bridsmóti sem haldið var í Þórbergssætri til minningar um Torfa Steinsþórsson á Hala. Auk þess að spila snæddu keppendur djúrinis hrossakjöt og jöklaþleikju.

Framkvæmdir hófust við smíði brúar yfir Sultartungnaá á veginum upp á Skálafellsjökul. Brúna sem

þar var tók af í miklu hlaupi í ánni s.l. haust.

Söngleikurinn Rocky Horror var frumsýndur í Mánagarði. Uppsetningin er samstarfsverkefni Leikfélags Hornafjarðar og FAS.

Sindri fékk afhenta nýja 16 manna rútu frá Skinney-Þinganesi. Fyrir átti Sindri tvær rútur.

Badmintonhópar frá Hornafirði og Reykjavík mættust á miðri leið, í Vík í Mýrdal, og spiluðu saman dagsstund. Reykjavíkurhópurinn var skipaður Hornfirðingum að stofni til.

Umhverfisviðurkenningar hlutu Charles J. Goemans fyrir að skipuleggja og halda utan um starf sjálfbodaliða á vegum Umhverfisstofnunar og Guðrún T. Finnsdóttir og Guðvarður Birgisson, Hæðargarði 11 í Nesjum fyrir vel skipulagða og snyrtilega lóð umhverfis íbúðarhús sitt.



Ásgrímur Halldórsson SF 250, nýtt uppsjárveiðiskip í eigu Skinneyjar Þinganes, kom til Hornafjarðar frá Skotlandi.

450 konur sungu saman á kvennakóramóti í íþróttahúsinu á Höfn. Bæjarbúar fjölmenntu á tónleikana. „Ég er svo stolt af hornfirskum syngjandi konum...“ sagði Ingibjörg Guðjónsdóttir stjórnandi Kvinnakórs Garðabæjar.

Mai

Fyrstu kýrnar komu í nýja fjósið í Flatey á Mýrum Fjósið er í endurbyggðu húsi þar sem áður fyrr var heykögglaferksmiðja og til að byrja með verða þar 120 mjólkurkúr.

Framleiðsla á ekta rjómaís undir heitinu Jöklaís hófst í Árbæ á Mýrum. Það eru hjónin hjónin Sæmundur Jón Jónsson og Anne Manly Thomsen í Árbæ sem komið hafa upp fullkominni aðstöðu fyrir ísframleiðslu.

Bjartmar Ágústsson endurheimti reykjarpípu sem hann henti í sjóinn fyrir 16 árum. Pípan kom í humartrollið hjá Sigurði Ólafssyni SF.

Grátrana, sjaldgæfur fugl frá Evrópu, sást á Mýrum.



Ungmennaping var haldið í Nýheimum. Til þingsins boðuðu Ungmennaráð Hornafjarðar og æskulýðs- og tómsundaráð. Níu frummælendur tóku til máls um íþróttir, tómsundur, menningu, atvinnumál, forvarnir, ungmennahús og framtíðarsýn ungs fólks.

Nemendur 8. bekkjar í Grunnskólanum í Hofgarði unnu 1. – 2. verðlaunt í verkefninu Heimabyggðin mín, á vegum Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni. Verðlaunin voru þriggja daga ferð til Kaupmannahafnar.

Tuttugu og þrjár nemendur útskrifuðust úr FAS, sextán stúdentar og sjö vélstjórar. Þetta er metfjöldi útskriftarnemenda en einu sinni áður hafa jafnmargir stúdentar útskrifast.

Júní

Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir sem býr á Hornafirði varð í öðru sæti í keppninni Ungfrú Ísland. Hún var einnig valin Valencia og Sothys stúlkan.

Ævintýralegt fiskirí var hjá Hornafjarðarbátum þetta vor og snurvoðarbátar hafa mokaflað. Humarveiðar hafa einnig gengið vel.

Vélstjórinn Guðmundur Sigurðsson var heiðraður á sjómanna daginn. Hann hefur verið hátt í 50 ár á sjó á hinum ýmsum bátum.

Bæjarráð Hornafjarðar mótmælti harðlega að skrifstofustarf við Vatnajökulsþjóðgarð hafi verið auglýst með aðsetur í miðborg Reykjavíkur og hvatti yfirstjórn þjóðgarðsins til þess að endurskoða ákvörðunina

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður með formlegri



athöfn og sóttu um 400 manns stofnhátíðina í Skaftafelli, Sfriðuklaustri, Jökulsárgljúfri og Kirkjubæjarklaustri. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra sagði að með stofnun þjóðgarðsins réðust Íslendingar í stærsta náttúruverndarverkefni frá upphafi.

Skúta í óskilum í Hornafjarðarhöfn. Skútan kom frá Hollandi haustið 2007, ekkert hefur bólað á eigendum hennar.

Góð silungsveiði var í Hornafirðinum. Vel veiddist bæði af sjóbirtingi og bleikju og er silungurinn var stór og vel feitur ólíkt því sem var sumarið áður að sögn Karls Sigurðssonar.

Fjörufurðir, fyrirtækið sem Haukur Sveinbjörns og Elvar Unnsteins stofnuðu á síðasta ári dafnar vel og fær góða umsögn.

Eystrahorn hætti að koma út eftir 25 ára samfellda útgáfu eftir að Galdur ehf hætti starfsemi. Útgáfa blaðsins hefur verið auglýst til sölu.

Júlí

Kristján V. Björgvinsson (Venni) tók við sem rekstrarstjóri í Húsasmiðjunni á Höfn. Hann tók við starfinu af Gunnari Hermanssyni.

„Það er enginn barlómur í bændum hér þó móti blási í efnahagsmálum þjóðarinnar og miklar hækkanir á áburði og olíu“, segir Grétar Þorkelsson starfsmaður Búnaðarsambandsins, „og menn eru ekkert á því að draga saman heldur hafa bú hér stækkað.“

Ásatrúarmenn á Hornafirði blótuðu í Óslandi. Mætti þar Baldur Pálsson Austfjarðargoði í Fellabæ sem helgaði staðinn og lýsti staðarhelgi, mannhelgi, blóthelgi, véböndum, griðum og sáttum.

Humarhátíð fór vel fram í þokkalegu veðri.

Menntamálaráðherra ákvað að Hornafjörður fái 25 milljónir í styrk sem

sundurliðast á Samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og Þekkingarnets Austurlands og Fjarkennslu á B-stigi vélstjórna (FAS).

Vegagerðin hefur sett upp sögu og upplýsingaskilti á mörgum stöðum í Ríki Vatnajökuls ferðamönnum til fróðleiks og upplýsinga um svæðið.

Flutningaskipið Green Lofoten lenti utan í Álftafelli SU við Álaugarbryggju og síðan á gamalli trébryggju sem er skammt vestan við Álaugareyjarbryggju. Bryggjan



brotnaði og skemmdir urðu á rekkverki og gálga á Álftafellinu.

Bundið slitlag er komið á veginn í Hvalnes- og Þvottáskriðum. Grjótkassar eru komnir við veginn þar sem mesta grjóthrunið og verið að ganga frá vegriði.

Sautján ungmenni víðsvegar úr Evrópu komu til Hornafjarðar á vegum Lionshreyfingarinnar. Þau voru hér á landi til að kynna nýrri menningu og læra um náttúru og mannlíf annarra þjóða.

Ágúst

Sjö krakkar úr USÚ tóku þátt í Meistaramóti Íslands að Lauga í Reykjadal. Allir þessir krakkar stóðu sig með stakri þryði og komust í úrslit í mörgum greinum þó að þau hafi ekki öll komist á verðlaunapall.

Skútan sem legið hefur við bryggju í Hornafjarðarhöfn frá því í september í fyrra hefur nú látið úr höfn undir stjórn nýrra eigenda. Komið hefur í ljós að skútunni var stolið í Hollandi.

Starfsmenn Málningarþjónustunnar ráku upp stór augu þegar þeir sáu risavaxinn snigil á planinu fyrir framan fyrirtæki þeirra við Víkurbrautina. „Hann bókstaflega étur allt sem að kjafti kemur“ sagði Björn Arnarson þegar hann úrskurðaði að hér væri um Spanarsnigil að ræða.



Wolkswagen bílalestir höfðu viðdvöl á Hornafirði á leið til stærstu bílasýningar sem haldin hefur verið á landinu.

Meistaramóti barna í golfi lauk með því að Kristján Júníus Friðriksson sigraði í yngra flokki og Ívar Örn Valgeirsson í þeim eldri.

September



Fornbilar komu hér við á ferð um landið. Var það liður í alþjóðlegri keppni.

Fjölleikahúsið Cirkus AgorA kom til Hafnar og reisti búðir sínar neðan við Fiskhólinn. Fjöldi fólks mætti og naut þess að sjá sirkusfólkið leika listir sínar.

Gullaxi hefur var landað í nokkru magni á Höfn. Það eru tvö færeysk veiðiskip sem hafa fært þennan afla að landi.

Arsenalklúbburinn heiðraði minningu Tómasar Inga Ingvarssonar sem lést 16. nóv. 2007, aðeins 10 ára gamall, með því að færa Grunnskóla Hornafjarðar til eignar treyju áritaða af öllum leikmönnum Arsenal, en Tómas Ingi var gallharður Arsenal maður

Nýsköpunarmiðstöðin, Imprá, hefur hrundið af stað verkefni sem er kallað Sóknarfæri á Suðausturlandi

Sparisjóðurinn og Sindri undirrituðu samstarfssamning um að Sparisjóðurinn verði aðalstyrktaraðili yngri flokka Knattspyrnudeildar Sindra árin 2008 - 2011.

Október

Hornfirðingar sigruðu Seltirninga með yfirburðum í Útsvari. Hornfirðingar héldu forustinni allan tímann og sigruðu með 67 stigum



gegn 55.

Elsti íbúi Austur-Skaftafellssýslu Pálína Guðrún Gísladóttir frá Skálafelli er 96 ára. Um helgina fékk hún góða heimsókn afkomenda sinna og voru þar m.a. saman komnir fimm ættliðir í kvenlegg: Dóttirin Ingunn, ömmubarnið Pálína Sigurrós, langömmubarnið Tinna Rut og langalangömmubarnið Birta Líf sem er aðeins 9 mánaða.

Skinney-Þinganes hlaut íslensku sjávarútvegsverðlaunin 2008 fyrir framúrskarandi fiskvinnslu.

Þekkingarnetið, Nýsköpunarmiðstöðin og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu stóðu fyrir fræðslufundi í Nýheimum um lesblindu. var fundurinn vel sóttur.

Það var ekkert sem minnti á kreppu á Hornafirði. Allt á fullu við höfnina og nóg að gera í síldinni hjá Skinney Þinganesi

Nóvember

Vegna aukinna umsvifa voru fjórir nýir starfsmenn ráðnir til Háskólasetsins. Þrír þeirra eru staðsettir í Nýheimum, þau Andreas Zöhrer, Sandra Björg Stefánsdóttir

og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir. Þá er Ingibjörg Eiríksdóttir sameiginlegur starfsmaður Háskólasetsins og Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Handraðinn blómstraði í sumar og aldrei hefur verið selt eins mikið af hannyrðum þar eins og á þessu ári.

Matis opnaði vöruþróunarmiðju á Höfn. „Þetta er stór og mikill dagur fyrir okkur Hornfirðinga“ sagði bæjarstjórinn.

Þórbergsetur hlaut nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir öflugan uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Stuttmynd Hlyns Pálmasonar Post-it var valin vinningsmyndin í ár á stuttmyndahátíðinni Ljósvalaljód sem haldin var í Norræna húsinu í Reykjavík.

Klakarnir, lið Grunnskóla Hornafjarðar vann Íslandskeppnina í First Lego League. Þar með varði liðið titilinn skólans frá í fyrra og tryggði sér rétt til að taka þátt í Evrópukeppninni sem haldin verður í Danmörku í maí á næsta ári.

Margir fengu vinnu hjá Skinney-Þinganesi í síldinni eða við önnur störf.

Rennibrautirnar við nýju sundlaugina á Höfn voru prufukeyrðar og skiluðu þær sínu hlutverki eins og til er ætlast. Þátttakendur runnu með glæsibrag í gegn.



Hafinn var undirbúningur að byggingarlöðum á Leirusvæðinu á Höfn en skipulag fyrir þetta svæði tók gildi á þessu ári.

Japanskt sjónvarpsfólk kom til Hornafjarðar til að hitta Chiharu Kawai sem býr á Höfn. Það er að vinna að þætti sem fjallar um Japani sem búa í fámennum sveitarfélögum.

Leikhópurinn Lopi frumsýdi leikritið Blekkinguna eftir Magnús J. Magnússon.

Desember

Hrútaskráin er mest lesna bókin meðal sauðfjárbænda um fengitíminn að sögn Þóreyjar Bjarnadóttur hjá Búnaðarsambandinu. Annálsritara er kunnugt um að fleiri hafa áhuga á bókinni en bændur!

Fjöldi fólks kom saman á miðbæjarsvæðinu á Höfn þegar kveikt var á jólatrénu.

Hornfirðingar töpuðu fyrir Hafnirfðingum í Útsvari

Hreindýr hefur í nokkrar vikur haldið sig í Hellinum (eyjunni) sem er við innsiglinguna til Hornafjarðar, og er talið líklegt að það hafi synt yfir álinn frá Austurfjörum.



Björgunarskipinu Ingibjörgu var stolið í morgun um klukkan 7 að morgni og var siglt austur með landi. Um þremur tímum síðar uppgötvaðist að skipið var ekki á sínum stað. Því var hins vegar siglt aftur til hafnar um klukkan 11:00 og kom þá í ljós að það hafði verið tekið ófrjálsri hendi af manni alövönum sjómennsku. Hann var kominn út fyrir tólf mílna landhelgi þegar hann fékk á sig brotsjó og virðist þá hafa guggnað á ævintýrinu. Þykir með ólíkindum að óreyndum mannum skyldi takast að sigla tvívegis um Hornafjarðarós í mikilli ölduhæð.

Sveitarfélagið Hornafjörður og Rolf Johansen & co ehf undirrituðu samning um átöppun á vatni. Gert er ráð fyrir að átöppun hefjist innan fimm ára.

Hornafjarðarmannameistari 2008 varð Eymundur Ragnarsson.

Blóm & Bróðeri



Blóm

Gjafavörur

Íþróttavörur



Miðbæ • Litlubrú 1 • Sími 478-1966

Opið mánudaga til föstudaga kl. 10 - 18 og laugardaga kl. 13 - 16

Íformi á Höfn

Eftir vel heppnað Unlingalandsmót UMFÍ hér á Höfn verslunarmannhelgina 2007, kviknaði sú hugmynd hvort ekki væri hægt að hafa sams konar eða svipað mót fyrir aldurshópin 30+. Skipuð var nefnd á vordögum sem í sátu Þórhalla Magnúsdóttir, Grétari Vilbergsson og Sívar Scheving og voru þau undir öruggri stjórn Ásgríms Ingólfssonar, formanns UMF. Sindra. Þá var Valdemar Einarsson starfsmaður nefndarinnar. Fljótlega var ákveðið að mótið yrði haldð helgina 19. – 20. Því næst var hannað merki mótsins og því fundið nafn. Íformi varð fyrir valinu ekki síst vegna þess að lénið www.iformi.is var á lausu og það pantað. Þá var fundað um hvaða greinum skyldi keppa í og sex greinar voru valdar; bridge, fótolti, blak, frjálssar íþróttir, golf og badminton. Hoknir af reynslu frá árinu áður fóru Sindramenn á stúfana að finna greinastjóra sem áttu að bera ábyrð á sinn íþróttgrein. Greinarstjórar voru; Sigríður Arna í blaki, Gunnar Páll í bridge, Ólafur Jónsson í fótolti, Björg Erlingsdóttir í badminton, Guðrún Ingólfssdóttir í frjálsum íþróttum og Hjálmar Jens í golfi. Sindri Ragnars útbjó svo heimasíðu fyrir mótið þannig að allt var að verða klárt og beðið eftir mótshelginni.

Stóra helgin rann svo upp en veðurspáin var nú ekki til að hrópa húrta fyrir! Þó var ljóst að veðrið myndi ekki hafa áhrif á fyrstu greinina, sem var Bridge. Spilaður var tvímenningur og voru 13 pör mætt til leiks. Eftir þetta spilamensku stóðu þeir Ólafur Jónsson og Valdemar Einarsson uppi sem sigurvegar en Ásgrímur Ingólfsson og Ásgeir Gunnarsson voru í öðru og í því þriðja voru þeir félagar Gísli Gunnarson og Ingvar Þórðarson. Ein aukaverðlaun voru veitt í þessu mót en það var fyrir það par sem oftast sögðu og stóðu 3 grönd, en það voru þeir Hallgrímur Bergson og Reynir Magnússon, sem fengu sild frá Skinney-Þinganes í nesti með sér heim. Þeir sem ekki voru búnir að fá nóg af spilum gátu spilað allan laugardaginn og þá var spiluð sveitakeppni.

Aðfarnótt laugardags rigndi eld og brennistein – nýtt Nóafloð – og ef fólk hefði ekki vitað betur hefði það haldið að flóðhestamót væri í gangi á Sindravöllum!! En viti menn, um níu leytið fór að stytta upp og finasta veður það sem eftir lifið dags og allt

var klárt fyrir stóra daginn. Í fótoltanum voru 4 lið í karlariðlinum, 3 skipuð heimamönnum og eitt frá Hetti. Heldur voru nú heimamenn gestristnir því að gestirnir sigruðu. Þá voru tvö kvennalið sem bæði voru skipuð drottningum búsettum á Höfn. Þar enduðu leikar þannig að annað liðið vann hitt!



Á sama tíma var golfmót þar sem spilað var með Texas Scramble fyrirkomulagi. Þótt völlurinn hafi verið nokkuð blautur og erfiður yfirferðar – fyrir utan vindinn – þá saúst fin tilþrif sem enduðu með sigri Gísla Páls Björnssonar og Bjarnar Braga Karlssonar, í öðru sæti lentu svo þeir bræður Héðinn og Grétar Sigurðssynir og í þriðja sæti lentu Haraldur Jónsson og Hjálmar Jens Sigurðsson.



Í blak voru þrjú kvennalið skráð til leiks og þar af eitt frá Fáskrúðsfirði. Eiginleg keppni fór nú samt ekki fram heldur var eitthvað skipt á milli liða, þar sem mikill áhugi var að keppa í fleiri greinum. Af einstakri gestristni á fengu þær gullið dömurnar sem komu og heimsóttu okkur.

Frjálssíþróttamótið var mjög glæsilegt og þrælgóð þátttaka. Aðstaðan var náttúrulegarosa fin – eða stórkostleg – eins og ágætur kynnir

mótsins Gauti Árnason mundi segja. Stærsta afrek mótsins átti án efa Guðrún Ingólfssdóttir þegar hún bætti Íslandsmet í flokki 50+ í kringlukasti (34,17) og spjótkesti (18,43). Þá átti Þorvaldur B. Hauksson góðan sprett í 100 metrunum þegar hann hljóp á 11,84. Annars eru öll úrslit inni á www.fri.is og hvetjum við fólk til að fara inn á þann vef til að skoða afrekin.

Í badminton eða hnuti eins og það heitir á góðri íslensku kepptu 9 lið í tvímenningi. Frá heimamönnum komu 7 lið (Hornafjörður Badminton Group) og 2 lið frá brottfluttum Hornfirðingum (Hrollaugi úr Reykjavík). Leikið var á fjórum völlum í Íþróttahúsinu á Höfn. Yfirdómari var Chiharu og auk hennar dæmdu Örn Arnarson og Bjarni Ólafur Stefánsson. Úrslit: 1.sæti Héðinn Sigurðsson og Grétar bróðir hans (HBG), 2.sæti Tryggvi Þórhallsson og Þorgils Baldursson (Hrollaugi), 3.sæti Valdemar Einarsson og Jón Garðar Bjarnason (HBG), Borghör Freysteinnsson og Björg Erlingsdóttir (HBG), Þorvaldur B. Hauksson og Haukur H. Þorvaldsson (HBG). Dregið var um hvaða lið skyldi hljóta bronspeninginn og það kom í hlut Valdemars og Jóns Garðars. Spiluðu allir við alla í einfaldri umferð. Mikil stemming var á hnutmótinu og ekkert gefið eftir. Að vísu truflaði sólin keppendur sem sáu ekki fluguna fyrir sólinni.

Um kvöldið var svo skundað á Hótel Höfn þar sem verðlaun voru afhent yfir glæsilegum kvöldverði og skemmtun. Frá upphafi var það ákveðið að þetta yrði 100% hornfirsk skemmtun, þ.e. maturinn og skemmtikraftar – og að sjálfsögðu var við það staðið. Það er skemmst frá því að segja að kvöldið heppnaðist stórkostlega. Maturinn var góður, skemmtiatriðin flott, veislustjórn í öruggum höndum Gauta Árnasonar og kvöldinu lauk svo með frábærum dansleik þar sem hljómsveitin Kusk sá um fjörið fram á nótt.

Það er samdóma álit allra, sem að mótinu komu, að þetta er eitthvað sem komið er til að vera svo vel heppnaðist þetta allt og nú þegar er búið að ákveða að næsta mót verði á sama tíma að ári eða helgina 18. – 20. september og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Takið helgina strax frá!

Að stóla á sjálfan sig – forsenda árangurs

Eins og flestir Hornfirðingar vita þá hefur Ármann Smári Björnsson, knattspyrnumaður frá Hornafirði gert garðinn frægan í knattspyrnunni í Noregi. Áður spilaði Ármann með Íslandsmeisturum FH í Hafnarfirði þar sem hann náði að verða þrefaldur Íslandsmeistari. Þaðan lá leiðin til Brann í Noregi. Þar vann hann það afrek ásamt liðsfélögum sínum að verða Noregsmeistari á síðasta ári. Ármann Smári lék að sjálfsögðu með Sindra í gegnum alla yngri flokkana og hóf sinn meistaraflokksferil með Sindra sumarið 1998 en þá varð hann markakóngur í 3. deildinni með eftirminnilegum hætti. Þaðan lá síðan leiðin til Vals og Lilleström í Noregi. Í dag spilar Ármann Smári við góðan orðstír með liði Brann frá Bergen í Noregi. Blaðamönnum Leifturs lék forvitni á að kynnst högum Ármanns og leggja fyrir hann nokkrar spurningar. Við náðum honum þar sem hann var við stífar æfingar með lið sínu á Spáni en Ármann varð góðfúslega við beiðni okkar.

Hver er galdurinn á bakvið það að ná svona langt í fótboltanum?

Númer eitt, tvö og þrjú er að leggja sig 100% fram í þau verkefni sem maður tekur sér fyrir hendur og að hafa gaman að hlutunum. Ef maður gerir það, þá er ekki við mann sjálfan að sakast ef maður kemst ekki á þann stað sem maður óskar sér. Það hvort að þjálfarinn velji mann í liðið, eða hversu heppinn maður er með meiðsli (eða ölluheldur meiðslaleysi), er

eitthvað sem maður ræður ekki við og því er það bara að stóla á sjálfan sig nr. 1, 2 og 3 og þá vonandi fylgir rest með.

Hversu stór klúbbur er Brann?

Það mætti í raun segja að Brann sé næst stærsti klúbburinn í Noregi á eftir Rosenborg. Hann er með rosalega sterka sögu og aðstæður eru eins og þær gerast bestar. Allir í Bergen fylgjast með fótbolta og skap og heilsa heimamanna sveiflast eftir gengi liðsins hverju sinni. Sem dæmi má nefna að það var sett fæðingamet á spítalanum í Bergen akkúrat 9 mánuðum eftir að við unnum meistaratitilinn 2007. Heimavöllurinn tekur tæplega 18 þús. manns í sæti og það er nánst án undantekninga uppselt.

Sérðu fyrir þér að þú verðir lengi hjá Brann?

Ég ætla til að byrja með allavega að vera ár í viðbót, en samningurinn minn við félagið rennur út í árslok 2009. Svo kemur bara í ljós hvað verður, því hlutimir gerast hratt í þessum heimi og ég gæti þess vegna verið í öðru liði á morgun. En héra liður fjölskyldunni vel og á meðan ég get lagt mitt af mörkum til að gera Brann að betra knattspyrnuliði, þá er ég ánægður.

Hver er eftirminnlegasta stundin á ferlinum?

Innan vallar er það íslandsmeistaratitlarnir 3 með FH og svo það sem er ferskast í minninu er Noregsmeistaratitilinn

með Brann 2007. Þetta voru allt mjög svo góðar stundir, en þessi norska var kannski ögn stærri í sniðum heldur en þær íslensku. Við mættum á torgið héra í Bergen og 100 þúsund manns mættu til að hylla liðið og sungu hvern Brann sönginn á fætur öðrum. En utan vallar er það að sjálfsögðu fæðing stelpnanna minna tveggja þeirra Andreu Kristínar sem er 4 ára og Elínar Birnu sem er 5 mánaða.

Einhverjar ráðleggingar að lokum til ungra knattspyrnuíðkenda á Hornafirði?

Hafið þið gaman að því sem þið eruð að gera. Gerið æfingarnar sem fyrir ykkur eru lagðar. Mætið á allar æfingar, á réttum tíma! – og verið í íþróttum fyrir ykkur sjálf. Ekkert endilega vera að sérhæfa ykkur of snemma. Allar íþróttir, hvort sem það eru frjálssar, blak, körfubolti eða fimleikar koma til með að skila sér í betri grunni fyrir þá íþrótt sem þið komið til með að enda í.

Við þökkum Ármanni Smára innilega fyrir að gefa sér tíma til þess að spjalla við okkur og við óskum honum og fjölskyldu hans alls hins besta í framtíðinni.

Bygging sundlaugar



Sundlaugin hefur gengið ágætlega frá því verktakar hófust handann fyrir um ári síðan. Helstu verktakar koma allir úr heimabyggð og eru Mikael ehf, Raf Horn ehf, Króm og hvítt ehf, Rósaberg ehf og Málningarþjónustan ehf, þó hafa fleiri aðilar lagt hönd á plóg hér heima fyrir. Verktakar eru að hefja síðasta áfanga framkvæmdarinnar sem er frágangur innandyra og utandyra verið er að ganga frá lögnum og rafmagn, mála vegg, undirbúa gólfslagningu og fleiri þætti um þessar mundir. Upphaflega var stefnt að því að klára uppbyggingu hennar fyrir 1. desember 2008 en

þar sem veður í ársbyrjun 2008 var okkur óhagstætt tafðist verkið um þrjú mánuði og reikna má með að verkið klárast í mars/apríl á þessu ári. Sundlaugin verður vel útbúin og hún mun skarta fjórum rennibrautum tvær sem eru 6 m háar, ein fjölskyldurennibraut og ein barnarennibraut sem verður staðsett í vaðlauginni þar sem tvö önnur leiktæki verða fyrir yngir börnin. Það er gætt vel að öryggi gesta og aðgengi fyrir alla í lauginni, til að mynda eru eftirlitsmyndavélar neðansjávar og sérstakur aðbúnaður fyrir fatlaða einstaklinga

Tippstofan

Eins og flestir vita er ein aðalfjáröflun Sindra getraunastarf sem hefur blómstrað undanfarin ár. Tippstofan er staðsett í Sindrahúsinu við Hafnarbraut 25 og er opin á laugardögum frá 11:00 - 14:00. Gestur Halldórsson, sem hefur verið umsjónarmaður getrauna undanfarin ár, hefur nú látið af því starfi og vill knattspyrnudeildin þakka honum fyrir vel unnin störf. Í hans stað hefur Valdemar Einarsson tekið við. Heldur hefur nú hallað á þessa starfsemi nú að undanförunu ekki síst vegna þess að röðin hefur hækkað mikið, en getraunir eru tengdar við sænska krónu.

Fyrirhugað er að hefja nýjan leik sem snýst um af fá fólk innan fyrirtækja til að stofna hópa innan

þeirra fyrirtækja til að tippa og hafa gaman af. Frjálst er hvað miðinn kostar til að taka þátt þannig að fámenn fyrirtæki geta að sjálfsgöður verið með. Á fjögurra vikna fresti fengi sá hópur sem mest skorar einhver skemmtileg verðlaun. Tilgangurinn er margþættur, t.d. gæti þetta hressst uppá mórallinn á þessum skrýtnu tímum, möguleikar eru á góðum vinningi og síðast en ekki síst fjáröflun fyrir Sindra. Til gamans má segja að ef 15 hópar taka þátt í 12 vikur og að meðtali væri tippað fyrir 1500 krónur á hóp í hverri viku þá mundi þessi leikur skila rúmlega 100 þúsund krónum til Sindra – og munar um minna fyrir starfið.



Munum eftir endurskinsmerkjunum!

Sóknarbraut

Námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja

Sóknarbraut er hagnýtt námskeið um rekstur fyrirtækja með áherslu á þróun hugmynda, markaðssetningu, stjórnum og fjármál. Markmiðið er að veita þátttakendum hagnýta menntun og stuðning sem hvetur þá til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og nýta þau tækifæri sem eru til staðar. Menntunin fer fram á fræðilegum og faglegum grunni og á námstímanum vinna þátttakendur að ákveðnu verkefni sem byggir á þeirra eigin viðskiptahugmynd. Námskeiðið hentar vel þeim einstaklingum sem hafa hug á að stofna fyrirtæki, eru stjórnendur í fyrirtæki, eða vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Námskeiðið er hluti af menntaverkefninu Nýjar leiðir sem er styrkt af menntamálaráðuneytinu. Það er samstarfsverkefni sem að Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Þekkingarnet Austurlands, Skinneyjar Þingness h/f, AFLs starfsgreinafélags og Sveitarfélagið Hornafjörður koma að.

Staður: Nýheimar Höfn Hornafirði.

Tími: Hefst 30. janúar og lýkur 8. maí. Námskeiðið er í níu skipti kennt verður á föstudögum frá 10-14.

Leiðbeinendur : G. Ágúst Pétursson og Sigurður Steingrímsson



Sindragallar

Nýir Sindragallar eru komnir í umferð og eru þeir frá Hummel. Það er hluti af amælisárinu að koma nýjan galla. Fyrsta sendingin kom í desember og seldist upp og er næsta sending væntanleg í febrúar. Með því að hafa svartar buxur bíður það uppá að ekkert mál er að fá nýjar buxur og þá í ýmsum gerður t.d. hnébuxur.

Gallarnir eru til sölu í Blóm og Bróderí.



Ætlar þú á Þorablót?



Hrafn Heimisson

Ég veit það ekki alveg, ef ég verð í landi getur vel verið að ég fari á þorablót Hornfirðinga.



Jón Karl Jónsson

Ég veit það ekki, kannski ef einhver biður mér.



Gunnhildur Bjarnadóttir

Nei, ég verð að vinna svo ég kemst ekki á þorablót Hornfirðinga



Páll Dagbjartsson

Já já, við förum á þorablót aldraðra. Þegar maður er orðinn 77 ára gamall eins og ég þá getur þú ekki dansað á hæl og tá sitthvort kvöldið



Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir

Já, ég ætla allavega á Hafnarblót, kannski á Nesjablótíð



Jóhanna Gísladóttir

Ekki hérna, ég fer á Nesjablót



Gauti Árnason

Það er alveg óákveðið, en já ég bíst við því að ég fari á þorablót en ég er ekki búinn að ákveða á hvaða blót ég fer



Ása Guðmundsdóttir

Ekki hérna, ég fer á blót fyrir sunnan hjá Skaftfellingafélaginu



Gísli Björn Ísleifsson

Já maður er tilneyddur þegar maður er í nefnd, ég fer á blót Suðursveitar og Mýra



Prúðmar Prúðmarsson og Ingibjörg Steinsdóttir

Ingibjörg: Já ég ferð á þorablót í Nesjum, fer auðvitað ekki án Dúdda, kannski förum við líka á Hafnarblót

Blakdeild Sindra

Það er búið að vera blómlegt starf í blakdeild Sindra í vetur. Mikil fjölgun hefur verið hjá krökkunum og líka hjá konum og körlum. Tæplega 50 krakkar stunda nú blak hér hjá okkur og tökum við þátt í tveimur Íslandsmótum á ári.

Hjá konum og körlum stunda milli 30 og 40 manns blak. Konurnar keppa í 2. deild í austurlands riðli og eru með 2 lið sem ekki hefur verið áður. Hápunktur ársins hjá þeim er svo öldungamót sem er haldið ár hvert að vori. Karlarnir

byrjuðu í haust eftir nokkuð langt hlé og hafa verið að mæta allt að 20 karlar á æfingu.

Í þessum skrifuðu orðum er verið að láta 2 nýja blakvelli í íþróttahúsið okkar og kemur það til með að breyta miklu fyrir blakdeildina.

Ragnhildur Einarsdóttir hefur séð um þjálfun hjá konunum og Sævar Þór Gylfason hjá krökkunum og körlunum.

Blakdeild Sindra

Fimleikadeild

Hjá Fimleikadeild Sindra eru iðkaðir hóp fimleikar, en í því felst að þegar farið er til keppni er það hópur sem keppir saman og frammistaða hans metin. Hópurinn getur saman staðið af stelpum og strákum á ýmsum aldri. Iðkendur hjá okkur eru á aldrinum 3- 50 ára. Yngstu börnin eru í s.k. íþróttaskóla. Hópurinn 6 – 18 ára er í hóp fimleikunum, boðið er upp á fimleikaæfingar fyrir 18 – 25 ára og svo eru tímar fyrir eldri en 25 ára og hafa þeir tímar mælst mjög vel fyrir.

Á vorönn liggur þetta fyrir; þjálfarahelgi (utanaðkomandi þjálfarar koma til okkar eina helgi), mót í hóp fimleikum fyrir félög á Austur- og Norðurlandi og vorsýning.

Ágætlega gekk að manna þjálfarastöður en það er alltaf töluverð hreyfing á þeim hjá deildinni. Við þurfum að huga að framtíðinni og því höfum við tekið til þess ráðs að hafa aðstoðarþjálfara úr hópi eldri iðkenda og sendum þá á námskeið hjá Fimleikasambandi Íslands. Í hverjum tíma er þörf á minnst þremur þjálfurum.

Æfingagjöld hjá Fimleikadeildinni eru kr. 350 pr. klukkutíma en þar sem æfingar eru langar virðast þessi gjöld hærrí en hjá öðrum deildum, en svo er ekki.

Gunnhildur Gísladóttir

Tippstofa Sindra

Hafnarbraut 25

er opin á

laugardögum kl. 11 - 14

Við erum hér fyrir þig

Vegna óvissu í atvinnu-og efnahagsmálum mun AFL og aðrir aðilar á Austurlandi leggja sérstaka áherslu á ráðgjöf og aðstoð við félagsmenn sem verða fyrir barðinu á efnahagssamdrætti.

Félagið er að undirbúa í samvinnu við aðra, stoðferla sem boðið verður upp á þar sem þörf verður:

Við hvetjum félagsmenn okkar til að hafa samband við skrifstofur félagsins ef boðaðar eru breytingar á ráðningakjörum. Starfsfólk AFLs, stjórnarmenn og trúnaðarmenn á vinnustöðum verða félagsmönnum til aðstoðar og ráðgjafar.

- Fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga
- Aðstoð við innheimtu launa og annarra réttinda
- Félagsleg aðstoð – persónubundin ráðgjöf
- Náms- og starfsráðgjöf
- Vinnumarkaðsaðgerðir – endurmenntun
- Hópefli og líkamsrækt
- Félagsmálaþjálfun – látum rödd okkar heyrast

Til hverra er hægt að leita?

AFL starfsgreinafélag - 10 skrifstofur um allt Austurland

| | | |
|-----------------------|---------------|------------------------|
| Breiðdalsvík (760) | Ásvegi 11 | 475 6773 • f. 475 6772 |
| Djúpvogur (765) | Mörk 12 | 4700 317 • f. 478 8143 |
| Egilsstaðir (700) | Miðvangi 2-4 | 4700 304 • f. 471 2247 |
| Eskifjörður (735) | Strandgötu 53 | 4700 307 • f. 476 1565 |
| Fáskrúðsfjörður (750) | Skólavegi 72 | 4700 309 • f. 475 1438 |
| Hornafjörður (780) | Víkurbraut 4 | 4700 318 • f. 478 1538 |
| Neskaupstaður (740) | Egilsbraut 11 | 4700 306 • f. 477 1227 |
| Reyðarfjörður (730) | Búðareyri 7 | 4700 310 • f. 474 1186 |
| Seyðisfjörður (710) | Austurvegi 4 | 4700 305 • f. 472 1370 |
| Vopnafjörður (695) | Lónabraut 4 | 4700 303 • f. 473 1493 |

Póstáritun: AFL Starfsgreinafélag • Miðvangi 2-4 • 700 Egilsstöðum

Starfsfólk:

| | | |
|-------------------------|---------------------|---|
| Gosía Libera | Eskifj./Reyðarf. | 4700 312 / 845 1666 • gosia@asa.is |
| Guðbjörg Ómarsd. | Hornafirði | 4700 319 / 891 7174 • gudbjorg@asa.is |
| Guðrún Aradóttir | Djúpvogur | 4700 317 / 861 4226 • gudrun@asa.is |
| Gunnar S. Guðmunds. | Vopnafirði | 4700 303 / 861 3054 • gunnar@asa.is |
| Gyða Vigfúsdóttir | Egilsstöðum | 4700 304 / 865 6622 • gyda@asa.is |
| Hjördís Þ. Sigurþórsd. | Hornafirði | 4700 301 / 894 5058 • hjordis@asa.is |
| Ingibjörg Sigurðard. | Neskaupsstað | 4700 306 / 868 8942 • ingibjorg@asa.is |
| Kristín Hannesdóttir | Breiðdalsvík | 4756 773 / 846 0994 • kristin@asa.is |
| Lilja Björk Ívarsdóttir | Seyðisfirði | 4700 305 / 869 7377 • lilja@asa.is |
| Ragna Hreinsdóttir | Reyðarfirði | 4700 311 / 892 7881 • ragna@asa.is |
| Sigurbjörg Kristmund. | Reyðarf./Fáskrúðsf. | 4700 309 / 868 5735 • sigurbjorg@asa.is |
| Sverrir Mar Albertsson | Egilsstöðum | 4700 302 / 891 7058 • salb@asa.is |
| Valborg Jónsdóttir | Reyðarfirði | 4700 314 / 893 7565 • valborg@asa.is |
| Þorkell Kolbeins | Hornafirði | 4700 318 / 893 6042 • keli@asa.is |

Félagsþjónustur sveitarfélaganna:

Fjarðabyggð: (Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalshreppur). Sigríður Stefánsdóttir, félagsmálastjóri • Hafnargötu 2 • 730 Reyðarfirði s. 470-9037 • sigridur.stefansdottir@fjardabyggd.is

Viðtöl og ráðgjöf vegna efnahagsástands. Í kjölfar þeirra erfiðleika sem nú ríða yfir íslenskt þjóðfélag mun heilsugæslan í Fjarðabyggð ásamt félagsþjónustu Fjarðabyggðar og sóknarprestum bjóða þeim sem á þurfa að halda viðtal, þriðjudaga og föstudaga milli kl. 15 og 16 í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði. Tímamantanir eru á heilsugæslustöðinni á Eskifirði í síma 470 1430. Hægt er að hringja í vakthafandi lækni í síma 856 9300 utan dagvinnutíma ef á þarf að halda.

Fljótaldalshérað: (Fljótaldalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Fljótaldalshérað, Vopnafjarðarhreppur, Djúpvogshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður).

Kristín Þyri Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri • Lyngási 12 700 Egilsstaðir • s. 4 700 705 • kristinth@egilsstadir.is

Hornafjörður: Jón Kristján Rögnvaldsson, félagsmálastjóri Hafnarbraut 27 • s. 470 8004 • jonkr@hornafjordur.is

Skráningastaðir Vinnumálastofnunar

| | | | |
|------------------|---------------|-------------------|------------------------|
| Egilsstaðir | Miðás 1 | 700 Egilsstaðir | 471 2288 • f. 471 2287 |
| Seyðisfjörður | Austurvegur 4 | 710 Seyðisfjörður | 470 0305 • f. 472 1370 |
| Neskaupstaður | Egilsbraut 11 | 740 Neskaupstaður | 470 0306 • f. 477 1227 |
| Mjóifjörður | Miðás 1 | 700 Egilsstaðir | 471 2288 • f. 471 2287 |
| Eskifjörður | Hafnargata 2 | 730 Reyðarfjörður | 470 9000 • f. 470 9001 |
| Bakkafjörður | Hamrahlíð 15 | 690 Vopnafjörður | 473 1300 • f. 473 1196 |
| Vopnafjörður | Hamrahlíð 15 | 690 Vopnafjörður | 473 1300 • f. 473 1196 |
| Borgarfjörður e. | Miðási 1 | 700 Egilsstaðir | 471 2288 • f. 471 2287 |
| Reyðarfjörður | Hafnargata 2 | 730 Reyðarfjörður | 470 9000 • f. 470 9001 |
| Fáskrúðsfjörður | Hafnargata 2 | 730 Reyðarfjörður | 470 9000 • f. 470 9001 |
| Stöðvarfjörður | Hafnargata 2 | 730 Reyðarfjörður | 470 9000 • f. 470 9001 |
| Breiðdalsvík | Ásvegur 32 | 760 Breiðdalsvík | 475 6660 • f. 475 6758 |
| Djúpvogur | Bakki 1 | 765 Djúpvogur | 478 8288 • f. 478 8188 |
| Hornafjörður | Nýheimur | 780 Höfn | 470 8043 • f. 470 8081 |



Til góðra verka!